



Íslenskar blaðaúrklippur, vegna fráfalls
Bjarna, Sigríðar og Benedikts,
10. júlí 1970, 4. hluti

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Íslenskar
blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-14

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÞJÓÐVILJINN

Laugardagur 11. júlí 1970 — 35. árgangur — 153. tölublað.

Eldsvoðinn og slysið á Þingvöllum aðalefni blaðsins í dag

Eins og alþjóð er kunnugt varð það hörmulega slys á Þingvöllum í fyrrinótt, að forsætisráðherrahjónin, dr. Bjarni Bene-

diktsson og kona hans frá Sigríður Björnsdóttir, fórust í eldsvoða ásamt litlum dreng dóttur-syni þeirra hjóna, Benedikt Vilmundarsyni. Þjóðviljinn greinir frá þessum hörmulega atburði í fréttum sínum í dag; birt er frásögn af brunanum og rannsókn hans. Birt er ávarp forseta Íslands, dr. Kristjáns Eldjárns, er

hann flutti í hádegisútvarp í gær, sagt er frá æviferli forsætisráðherra og hér á síðunni eru birt nokkur orð eftir Lúðvík Jósepssyni formanni þingflokks Alþýðubandalagsins. Í forustu-grein Þjóðviljans í dag er fjallað um þennan hörmulega atburð og á þessari síðu birtum við myndir af hinum látnu.



Bjarni Benediktsson



Sigríður Björnsdóttir



Benedikt Vilmundarson

Ávarp forseta Íslands í ríkisútvarpið í gær

Þau sorgartíðindi spurðust snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans frá Sigríður Björnsdóttir, og ungar dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson, hefðu herraþústaðurinn á Þingvöllum um brunn, þegar skammt var liðið nætur.

Slikur atburður er hörmulegrí en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu vefvangi er

í burtu svipt traustum forustumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlífi voru, og með honum ágætri konu hans, er yfið hlið hans hefur staðið með sæmð og þryði, og ungam sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt að íslensku þjóðinni sé helzt að líkja við

stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum vér best á stundum mikilla tíðinda, til gleði eða sorgar. Þjóðin er harmj lostin og syrgir forsætisráðherrahjón sin. Ég mæli fyrir munn allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mína og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er nú syrgja sveininn unga. (Frá skrifstofu forseta Íslands).

Lúðvík Jósepsson um hinn látna forsætisráðherra:

Svipmikill og áhrifaríkur stjórnmaðamaður

Í tilefni hins hörmulega slyss á Þingvöllum í fyrrinótt hafði Þjóðviljinn símasamband í gær við formann þingflokks Alþýðubandalagsins, Lúðvík Jósepsson í Neskaupstað, en hinn látni forsætisráðherra og Lúðvík hafa verið samþingsmenn hátt á þriðja tug ára. Lúðvík Jósepssyni forust orð á þessa leið:

„Ég hef varla enn áttáð mig til fulls á þessum hörmulegu tí-

indum, sem sögð eru í fréttum af slysinu á Þingvöllum, þar sem dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir kona hans og Benedikt Vilmundarson dóttursonur þeirra brunnu inni. Vegna þessa hörmulega slyss votta ég öllum aðstandendum hinna látnu djúpu samúð mína, og ég vil einnig fyrir hönd okkar Alþýðubandalagsmanna votta Sjálfstæðismön-

um samúð okkar við sviptlegt og hörmulegt fráfall aðalforvígismanns þeirra.

Með fráfalli Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra hafa mikil tíðindi gerzt í íslensku stjórnmálalífi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur skýndilega misst foringja sinn, og einn af svipmestu og áhrifaríkustu stjórnmaðmönnum landsins hverfur fyrirvaralaust af Framhald á 7. síðu.

Forsætisráðherrahjónin og dóttursonur þeirra fórust í eldsvoða á Þingvöllum

□ Það sviplega slys varð í fyrrinótt að forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson, kona hans Sigríður Björnsdóttir og dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson, 4ra ára, fórust í eldsvoða er sum-

arbústaður forsætisráðherra á Þingvöllum brann. □ Enn sem komið er telur rannsóknarlögreglan ekki hægt að fullyrða neitt um hver eldsupptök hafi verið.

— Það er ekki hægt að byggja fullyrðingar um eldsupptökin á nokkrum rökum ennþá, þetta eru aðeins getgátur. Í sumarþústaðnum var olfukynding, þar voru kosangastæki og rafmagn tilfjósá

og eldunar, svo að margt hefði getað valdið eldsvoðanum. Þannig komst Ingólfur Þorsteinsson, yfir lögregluþjónn að orði við blaðamann Þjóðviljans í gærkvöld, en hann var einn þeirra

rannsóknarlögreglumanna sem kónnuðu verksummerkil á slystaðnum. Sagði Ingólfur varðandi sprengingu þá er varð í húsinu, að Rúnar Bjarnason, slökkviliðs- sjórn, sem er etnafræðingur,

hefði álitid sprenginguna eðlilega þar eð allir gluggar hússins voru lokaðir, svo og hurð. Vegna eldsins myndast mikil kolsýra inni í húsinu og sprengingin hefur orðið þegar fyrsta rúðan brast

og súrefni barst inn. Það voru þrjú hollenzkir ferðamenn er fyrstir urðu eldsins varir. Þjóld þeirra höfðu fokið ofan af þeim og komu þeir að Valhöll til að fá sér kaffi um kl. 10,30 í fyrrakvöld og dvöldust þar til kl. 11. Sáu þeir þá ekkert óeðlilegt, en er þeir komu aftur að Valhöll, þar sem þeir ætluðu að gista í bíl, sáu þeir eld í sumararbústað forsætisráðherra, sem er nokkru sunnar en Valhöll. Var það kl. 1,30 um nóttina og fóru

Hollendingarnir að húsinu, börðu að dýrum og á glugga, en talið er líklegt, að fólkid hafi þá þegar verið látið, að sögn Ingólfs Þorsteinssonar. Hugðu ferðamennirnir húsið vera mannlæst, en einn þeirra hjóp að Valhöll og gerði viðvart um eldinn. Var hringt í lögregluna og frá hui Framhald á 7. síðu.

Jóhann Hafstein forsætisráðherra

Blaðinu barst í gær svofeld fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu: „Forseti Íslands hefur í dag að tilloðu ríkisstjórnarinnar fallit á að fela Jóhann Hafstein ráðherra að gegna stórfum forsætisráðherra fyrst um sinn.“

ÞJÓÐVILJINN

— Málagn sósíalisma, verkalyðshreyfingar og þjóðfrelsis —

Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans.
 Framkv. stjórn: Eður Bergmann.
 Ritstjórn: Ivar H. Jónsson (áb.), Magnús Kjartansson
 Sigurður Guðmundsson
 Fréttaritstjóri: Sigurður V. Friðþjófsón
 Ritstj. fulltrúi: Svavar Gestsson.
 Auglýsingastj.: Ólafur Jónsson.

Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar, prentsmíðja: Skólavörðust. 19. Sími 17500
 (5 línur). — Askritarverð kr. 165.00 á mánuði. — Lausasöliverð kr. 10.00.

Slysið á Þingvöllum

Slysafréttir og óvænt manntjón vekja jafnan samúðarhug með þeim sem fyrir slysum verða og vandamönnum þeirra. Mönnum er gjarnt að setja sig í spor þeirra sem um sárt eiga að binda, og í fámenni íslensks þjóðlífs er viðkyrning manna svo almenn að furðu oft finnast einhver kunnugleika eða frændsemistengsl við þá sem í slysum lenda.

Slysið á Þingvöllum aðfaranótt föstudagsins er í öllum greinum svo hönnulegt að það hlýtur að koma sárt við alla Íslendinga. Forsætisráðherra Íslands, Bjarni Benediktsson, kona hans Sigríður Björnsdóttir og litill dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson fórust þar í eldsvoða, án þess að nokkurri hjálp yrði við komið. Þetta gerist í byggð og rétt við önnur hús, og án þess að þeir sem koma að logandi ráðherrabústaðnum vitu hvort húsið er mannlaut eða ekki. Það er ótrúleg staðreynd sem fram kemur í fréttum af slysinu á Þingvöllum, þar sem auk heimabyggðar er stórt sumargistihús og þúsundir manna koma innlendir og erlendir sumar hvert, skuli enginn visir vera að slökkviliði sem ætíð væri tiltækt.

Bjarni Benediktsson var einn umsvifamesti forystumaður Sjálfstæðisflokksins í þrjá undanfarna áratugi, og áhrifamikill og mjög umdeildur stjórnmalamaður og ráðherra mestallan þann tíma. Um verk hans mun Íslandssagan dæma, en aldurtíla hans, konu hans og barnungs niðja í ógnarslysi á Þingvöllum harma allir Íslendingar. Þjóðviljinn vottar vandamönnum forsætisráðherraþjónanna og Benedikts litla einlæga samúð.

Að forðast vinnuslysin

Oftar en einu sinni á þeim skamma tíma sem álverksmiðjan í Straumsvík hefur starfað hafa orðið þar alvarleg slys á verkamönnum. Nú síðast hafa blöð flutt fregn um að starfsmenn þar hafi slasast er svokallaður biðofn féll á tvo menn sem meiddust, annar þó mun meir, en hann klemmdist á báðum fótum og tók um klukkustund að losa hann úr klemmunni. Þegar slys verða hvað eftir annað á verkafólki á sama vinnustað, er brýn nauðsyn að þess verði vandlega gætt af hlutaðeigandi yfirvöldum að allar fyrirskipaðar öryggisráðstafanir samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum séu í heiðri hafðar, og finnist eitthvað athugasvert ber hiklaust að krefjast þess að úr verði bætt. Reynslan hefur sýnt oft en einu sinni að ekki er nóg að yfirvöld krefjist úrbóta, heldur verða þau að heita má að láta standa yfir því að skipun þeirra sé hlýtt.

Til eftirlits á vinnustöðum um slysavarnir og hollustuhætti er ekki nóg að eftirlitsmenn komi einstöku sinnum. Eftirlitið verður þá fyrst vakandi og virkt að verkamenn sjálfir hver á sínum vinnustað og trúnaðarmaður verkalyðsfélagsins eða félaganna sé sívakandi yfir því að allt sé gert sem í mannlegu valdi stendur til að forðast vinnuslys. - S.

bæjar- pósturinn

I dag leggja þau Viktoría Halldórsdóttir, Benedikt frá Hofteigi og Tryggvi Emilsson Bæjarpóstinum til efni — og mættu gjarna fleiri fara að dæmi þeirra og senda póstinum línu.

Fyrst er þá lengsta bréfið, frá Viktoríu og ber yfirskriftina „Hvenær er mælirinn fullur?“ Svohljóðandi:

Á fremstu síðu Morgunblaðsins 1. júlí sl. stóð stórleruð fyrrisögn: **Árangursríkum aðgerðum lokið.** Við sjálf lá að ætla að þessi stórfyrirsögn væri fögnuður vegna þess að fólk, sem færir ríkinu þær ofsaháa fjárhæðir sem þjóðin nýtur góðs af, hefði nú loksins fengið kjör sín bætt svo verdukt væri og **árangursríkt** gæti talizt. En þegar lengra var lesið kom annað í ljós. Blaðið var að fagna **árangursríkum aðgerðum** Bandaríkjaþjórnar í manndrápum og landeyðingu í Víetnam og Kambódíu.

Bláðið birtir langa skýrslu um afrekin, segir að sjálfur Nixon hafi birt 7 þúsund orða skýrslu í tilefni þess að her Bandaríkjanna og ráðgjafar eru að flytjast heim. Glæsilegar tölur eru skráðar um afrek manna: **Nixons: 11.349 manns drepnir í hernaðaraðgerðum, en ekki eru tölur í blaðinu um börn og konur sem hafa verið limlest og líflátin, brennd lífandi með bensínhlápi og loftárásum á þorp, skóla, sjúkrahús og týnt hafa lífi og limum í þessari hryllings villmannlegu styrjöld.** 2.328. hermenn handteknir og herfang glæsilegt, bæði vopn og matvæli. **6 þúsund tonn af hrisgrjónum.** — Ennfremur segir í skýrslunni að Bandaríkin muni, að fengnu samþykki stjórnar Kambódíu, halda áfram loftárásum á flutningaleiðir óvinanna, ef þeir geri tilraun til flutnings hergagna um Kambódíu. Bandaríkjaþjórn lofar að senda Kambódíu létt vopn og Bandaríkjamenn gáfu þeim herfangið, er þeir tóku af óvinunum, segir í sjöþúsund orða skýrslunni hans Nixons.

Hvenær er mælirinn fullur? Hversu lengi ætlar þjóðin, sem telur sig kristna, að líða þá smán að fréttir af hryðjuverkum Bandaríkjaþjórnar séu fluttar í blaði þvi sem styður íslenska ríkisstjórn, án þess að minnsta tilraun sé gerð til að vita

þann djöfullega verknað sem framinn hefur verið árum saman? Ég spyr: Er fólk orðið svo hart og miskunnarlaust, að það vilji styðja í orði og verki fjársterka þjóð til glepsamlegra verka gagnvart fátækri smáþjóð?

Ríkisstjórn Íslands gengur æ lengra í aðáun sinni á því fagra og frjósama samstarfi sem hún á við Bandaríkjaþjórn NATO. Veiztur og fleðulæti við þessar yfirdrötnunarþjóðir er hreint hneyksli öllu síðuðu fólk. Ísland er vopnlaust og ætti því að vera fyrirmynd friðar og réttlætis og gæti með fullum rétti sagt skilið við þau herveldi sem lugu sig inná reynslulitla menn í millríkjaprettum og svikum, — eða var það ekki sagt að NATO væri stofnað í þeim tilgangi að aðstoða smáþjóðir, er stórveldi réðist á þær eða sýndu yfirgang? Allt þetta var auðvitað þrettir, og því er óverjandi allur sá sauðarháttur og glepsamleg meðsekt sem hér á landi er látin viðgangast ár eftir ár.

Þegar Mogginn birti 1. júlí alla 7 þúsund orða skýrslu Nixons var ekki eitt orð frá íslenskum manni með þeirri viðbjóðsskýrslu, sem lýsti vanþökun á því framferði að senda æskukjarna Bandaríkjaþjórnina í aðra heimsálfu til að deyða og misþyrma þjóð sem aldrei hafði gert neitt á hluta bandarísku þjóðarinnar. Þessi þjóð vildi vera sjálfstæð og hafði vist aðrar skoðanir á þjóðmálum en Bandaríkjaforsetar, þeir er gert hafa sig að heimsfrægum mönnum af sama toga og Hitler, hinn illræmði, brjálaðingur.

Ég hef alltaf verið að vona að ég lifði það að sjá land mitt leyst frá herveldi því sem sveit sig inn í þennan helga reit og geymir hér um áratugi drápstæki, sem er smán þjóðinni er um aldri hefur verið vopnlaus og friðelskandi. Sú herstöð sem hér er í öleyfi þjóðarinnar verður hennar banabiti, ef þeir stríðsjálfar sem ráða ríkjum í heiminum koma af stað heimsstyrjöld.

Nú ætla ég enn einu sinni að vona að íslenska þjóðin þekki betur og skilji að þörf er á breytingu þegar ábyrgir menn á Íslandi telja **árangursríkar aðgerðir** vana sinna, að drepa saklaust fólk og auka þjáningar og hungurdauða með því að leggja

Hvenær er mælirinn fullur? — Gömul vísa sem ekki má gleymast — Listahátíðin og verkföllin

mannvirki í rúst, eitra og brenna gróður jarðar. Ég vona að lesendur Morgunblaðsins, fleiri en ég, hafi veitt því athygli, að Ísland er í hættu, hvað trú og siðgæði snertir, þegar glæpastarí er talið til árangursríkra aðgerða.

5. júlí 1970.

Viktoría Halldórsdóttir frá Stokkseyri.

Benedikt Gíslason frá Hofteigi hafði samband við Bæjarpóstinum á dögunum og bað fyrir eftirfarandi:

Í Þjóðviljanum er farið með visusamstöðuna

„Kviði ég fyrir Kaldadal, kvöldi tekur núna.“

og sagt að sé gamall visubotn. Ég lærði ungur þessa visu þannig:

Kviði ég fyrir Kaldadal, kvöldi tekur núna. Herra guð í himnasal haltu mér við trúna.

Kannski er visan að gleymast. Það má ekki verða. Þess vegna bið ég Þjóðviljann að birta hana heila.

Benedikt Gíslason.

Tryggvi Emilsson hefur sent Póstinum eftirfarandi kvæði með fyrrisögninni „Listahátíð einnig verkföll“. — Það er svona:

Listahátíð einnig verkföll

Það fréttist að hátíð var haldin í ár, sem hérlandis reyndist sú fyrsta, og aldrei var himinn jafn heiður og blár í hásofum vísdoms og lista. Í fagnaðarvinnunni felldu menn tár, svo fagurt var salina að gista.

Í blöðum var sagt hverjir nutu þess nú að nálgast þá háleitu þanka, í myndum var talað um forseta og frú og framamenn ríkis og banka, um fátæka guðsþjóna geislandi af trú og gróðamenn auðuga og blanka.

Frá hásofum listar til himins er stytzt og hér voru ei klungur né ögur, þeir urðu svo glaðir sem áttu þar vist, að annað eins herma ekki sögur, og svo var þetta líka svo velheppnuð list. Og vist er hún háleit og fögur.

Það veldur mér gleði og sorgar í sérni er sit ég í þögn minnar elli, að heyra hve ljúft er að leika sér enn á listanna flughála svelli, er hljómarinn léku um þá háttsettu menn sem halda þar tilreiddum velli.

Ég öfunda ei neinn þó hann fylki sér fremst og fegurstu tónana heyrir, en aldrei að dyrunum alþýðan kemst, ef una því fleiri og fleiri, hve smátt er og valt sem í verkföllum semst, unz verða þau stærri og meiri.

Tryggvi Emilsson.

Til ferðafólks

Ertu óvanur ferðalögum?

Skipulegðu ferðina vandlega. Spurðu vana ferðamenn ráða, hvers konar klæðnaður sé heppilegastur og hvað sé nauðsynlegt að taka með í ferðina. Gerðu ráðstafanir til að koma skilaboðum heim, ef ferðaætlunin breytist og dvöl fjarrí mannabyggðum lengist.

Hvert er ferðinni heitið?

Það er mikilvægt öryggisatriði fyrir fjallgöngumenn að halda hópinn, en hlaupa ekki hver í sína áttina um lítt bekkar slóðir.

Þeir, sem ætla að dvelja íð ár og vötn, eru minntir á að fara með gát á bákænum, gefa gaum að vindátt og veðri og vera í björgunarviesti.

Lítið vel eftir börnum í grennd við ár og vötn.

Ættlarðu að búa í tjaldi?

Farðu varlega með opinn eld í tjöldum, ekki slizt nylontjöldum. Sofnið aldrei út frá logandi gashitunartækjum.

Sýnið snyrtimennsku við tjaldstæði og valdið ekki öðrum tjaldbúum óþarfa ónæði.

Ættlarðu að aka sjálfur?

Ef þú ekur eigin bíl, hafðu hann í eins góðu lagi og frekast er unnt Taktu með í ferðina nauðsynlegustu varahluti og verkfæri. Ef þú ert óvanur akstri — eða ekur bíl, sem þú ert ókunnugur, t. d. bílaleigubíl, farðu sérstaklega varlega meðan þú ert að venjast umferðinni og bílnum. Hagaðu akstri eftir ástandi vegarins og öllum aðstæðum þverju sinni. Hvíldu þig, ef þreyta sækir á. Aktu með jöfnum og þægileg-

um ferðahraða og forðastu óþarfa framúrakstur. Tímasparnaður er sáralítill, þótt þú akir smákafli yfir löglegum hámarkshraða, aukning úr 70 í 80 km hraða, flýtir förlinni aðeins um 66 sekúndur á 10 km vegalengd.

Getur þú eða einhver í hópnum veitt fyrstu hjálp ef slys ber að höndum?

Verið viðbúin óhöppum og takið nauðsynlegustu sáraumbúðir með í ferðina. Ríðjið upp aðferðir við lífgun úr dauðadái og stöðvun blóðrásar. Það getur komið í þinn hlut að verða fyrstur á slysstað.

Verið varkár, varizt slysin.

(Frá Slysavarnafélagi Íslands).

Hótel Villa Nóva

Sauðárkróki.

FERÐAFÓLK! — Höfum opnað Hótel Villa Nóva, Sauðárkróki.

Tökum á mót gestum til 1. október. — Gisting, matur og aðrar veitingar.

Hótel Villa Nóva

Sauðárkróki.

Æviferill Bjarna Benediktssonar

Dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra var röklega 62 ára að aldri er hann lézt, fæddur í Reykjavík 30. apríl 1908. Foreldrar hans voru hjónin Guðrún Pétursdóttir og Benedikt Sveinsson alþingismaður. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1926 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1930. Stundaði hann síðan framhaldsnám í stjórnlagafræði í Berlin og Kaupmannahöfn á árunum 1930—1932.

Bjarni Benediktsson varð prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands 1932 og gegndi því embætti þar til hann var kjörinn borgarstjóri í Reykjavík 1940. Borgarstjóraembættinu gegndi Bjarni 7 ár eða þar til hann varð ráðherra. Var hann fyrst utanríkis- og dómsmálaráðherra 1947—1953 og síðan dóms- og menntamálaráðherra 1953—1956. Á árunum 1956—1959 var Bjarni ritstjóri Morgunblaðsins eða þar til hann tók við ráðherrastörfum að nýju seint á árinu 1959. Var Bjarni dóms- og iðnaðarmálaráðherra 1959—1963 en var jafnframt forsætisráðherra um skeið 1961 í veikindaförföllum Ólafs Thors. 14. nóvember 1963 varð dr. Bjarni forsætisráðherra og gegndi því starfi óslitið til dauðadags. Var hann því ráðherra alls um 20 ára skeið.

Bjarni Benediktsson tveigis, fyrst 1934—1942 og aftur 1946—1949. 1942 var Bjarni kjörinn á þing fyrir Reykjavík og var þingmaður til æviloka. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins átti Bjarni sæti frá 1936 og formaður hans var hann frá 1961. Þá gegndi dr. Bjarni og fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum, sem hér verða ekki upp talin, m.a. átti hann sæti í mörgum nefndum og stjórnun félaga. 1961 var Bjarni gerður heiðursdoktor í lögum við Háskóla Íslands, en eftir hann liggja mörg rit og fjöldi greina, einkum um lögfræðileg efni og stjórnmál.

Dr. Bjarni Benediktsson var tvíkvæntur, en fyrri konu sína, Valgerði Tómasdóttur missti hann eftir nokkurra mánaða sambúð. Síðari kona hans, Sigriður Björnsdóttir, var fædd 1. nóvember 1919, dóttir hjónanna Önnu Pálsdóttur og Björns Jónssonar skipstjóra í Ananaustum í Reykjavík. Gengu þau Bjarni í hjónaband 18. desember 1943. Eignuðust þau fjögur börn: Björn, Guðrúna, Valgerði og Önnu, sem öll eru á lífi. Var litli drengurinn sem með þeim fórst í brunanum, dóttursonur þeirra, Benedikt, fjögurra ára gamall, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar.

Valgerði Tómasdóttur missti hann eftir nokkurra mánaða sambúð. Síðari kona hans, Sigriður Björnsdóttir, var fædd 1. nóvember 1919, dóttir hjónanna Önnu Pálsdóttur og Björns Jónssonar skipstjóra í Ananaustum í Reykjavík. Gengu þau Bjarni í hjónaband 18. desember 1943. Eignuðust þau fjögur börn: Björn, Guðrúna, Valgerði og Önnu, sem öll eru á lífi. Var litli drengurinn sem með þeim fórst í brunanum, dóttursonur þeirra, Benedikt, fjögurra ára gamall, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar.

Lúðvík Jósepsson

Framhald af 1. síðu.

stjórnmálasviðinu. Eg hef settið á Alþingi með Bjarna Benediktssyni í 28 ár og kynnt honum skiljanlega allmikið; ég hef þó fyrst og fremst kynnt stjórnmálamanninum Bjarna Benediktssyni og átt við hann mikil samskipti, oft og tíðum þannig að eftirminnileg hafa verið, en ég hef einnig á þessu tímabili kynnt nokkuð Bjarna Benediktssyni persónulega.

Bjarni Benediktsson var harður andstæðingur, jafnframt því sem hann var mikill stjórnmálamaður, góður ræðumaður og mjög vel ritfær. Hann var sérstaklega fróður í stjórnmálasögu landsins, minnugur um stjórnmálaatburði svo af bar. Á fyrri þingárum hans þótti hann oft mjög harður í sökn og vörn fyrir sinn málstað. Á þeim árum var hann jafnan hægrí hönd Ólafs Thors, sem þá var foringi flokksins. En á síðari árum, eftir að hann tók við forustu flokksins og sérstaklega eftir að leið á starfstíma hans í embætti forsætisráðherra, þá fór það ekki á milli mála að Bjarni Benediktsson breyttist á ýmsan hátt, hann varð liprari í samstarfi en áður var, einkum við andstæðinga sína, og gerði mikið af því að ræða við þá, bæði innan þings og utan, um margvísleg vandamál þjóðarinnar. Það er t. d. enginn vafi á því að á seinni árum sýndi hann það í ýmsu að hann taldi óhjákvæmilegt að leita samstarfs við forustumenn verklyðshreyfingarinnar og verklyðshreyfinguna sem heild, þar sem honum var fyllilega ljóst, hvílikt vald lá að baki verklyðshreyfingunni.

Bjarni Benediktsson hafði að minnum dómi mjög fastmótadara skoðanir og hélt jafnan fast á sínu máli, en hann var á ýmsan hátt stjórnmálamaður sem gótt var að eiga samskipti við. Hann var hreinskíptinn, greindur maður og mikill starfsmaður, kappsfullur, en kunnur vel að meta aðstæður og sætta sig við það sem hlaut að verða. Á því leikur enginn vafi að Bjarni Benediktsson hefur verið einn af áhrifamestu stjórnmálamönnum á Íslandi á síðari árum og það hljóta eðlilega að verða mikil umskipti, þegar stíkur foringi fellur frá, eins og nú hefur orðið raunin á og óvænt.

25 ára flug

Framhald af 3. síðu. nú verða aðnjótandi. Og þótt þeir, sem unnu að undirbúningi og framkvæmd fyrsta millilandaflugsins, hafi verið bjartsýnir og dreynt stóra drauma, er vafasamt að nokkur hafi óráð fyrir hinni skjótu þróun í flugsamgöngum milli Íslands og annarra landa, sem hefur átt sér stað á þeim aldarfjórðungi, sem líðinn er, síðan hið sögulega flug Katalína-flugbátsins „Péturs gamla“ var farið. Sv. S.



Þingvallaslysið enn í rannsókn

Framhald af 1. síðu.

Þjóðgarðsvarðar kl. 1.40 í næsta slökkvilið: slökkvilið Reykjavíkur.

Gunnar Sigurðsson, varaslökkviliðsforstjóri sagði blaðinu svo frá að strax og tilkynning hefði borizt um eldingu hefðu tveir slökkviliðsbílar farið af stað austur. Nokkru seinna fékk slökkviliðið upplýsingar um að hugsanlegt væri að fólk væri í sumarbrústaðnum og var þá sjúkrabíll sendur á vettvang.

Að sögn Gunnars lentu slökkviliðsbílar tveir í nokkrum erfiðleikum á leiðinni austur vegna krapa á veginum á Mosfellsheiði, en að öðru leyti gekk ferðin vel og tók hún um það bil 45 mín. Allt var þó um seinan er bílarnir komu austur: húsið mikið til brunnið niður og stóð ekkert eftir af því nema aska, járn og steinn. Um seinan var að bjarga þeim er inni voru. Vár bíll sendur austur með kistur í gærmorgun og hin látnu flutt í þeim til Reykjavíkur.

Lögglumenn úr Reykjavík fóru austur á Þingvöll, svo og yfirliðregluþjónninn á Selfossi og Páll Hallgrímsson, sýsnumaður og Arnesslyu, Rannsóknarlögglumenn frá Reykjavík voru á

Þingvöllum í fyrrirott og í allan gærdag og menn frá rafmagnsveitum ríkisins fóru einnig austur í fyrrirott, en spennistöð stóð við húsið og varð rafmagnslaust á Þingvöllum. Síðd. í gær hafði Páll Hallgrímsson tekið við rannsókn málsins, af rannsóknarlögglumenn í Reykjavík, og hafði dómsrannsókn á Þingvöllum.

Mjög slæmt veður var á Þingvöllum í fyrrirott: mikið rok og rigning og fuðraði húsið upp á skömmum tíma. Gestahús sem stendur nokkru fyrir norðan bústaðinn skemmdist hinsvegar ekki af eldinum.

Forsætisráðherraþjónin höfðu aðeins ætlað að dveljast í sumarbrústaðnum þessa einu nótt með dótturson sinn, Benedikt, son Valgerðar Bjarnadóttur og Vilmundar Gylfasonar. Hafði bifreiðarstjóri forsætisráðherra ekki forsætisráðherraþjónunum og drengnum austur í fyrirradag og hugðust þau halda á héraðsmót á Snaefellsnesi í gær. Hafa þau oft dvalið í bústaðnum að sumarlagi. Hús þetta, sem var járnvarið timburhús, var áður nefnt Konungsbrústaðurinn, en það var reist fyrir konungskomuna 1907. Stóð það fyrst uppi á völlum en var flutt suður fyrir Valhöll 1928, fyrir alþingishátíðina.

Kópavogur

Framhald af 10. síðu.

komulag við bæjarfulltrúa Alþýðubandalagsins og óháðra og Alþýðuflokksins um kosningu og nefndir. Hafði hún það á orði er hún gerði það samkomulag að hún vildi ekki klessa sér upp að íhaldinu. Þó fór svo að hún tilkynnti um síðir að hún kærdi sig ekki um samkomulag við minnihlutaflokkana. Gaf hún enga ástæðu fyrir þessu fráhrarfi, sínu enda þótt eftir væri leitað.

Kópavogsbúum þykir nú að nýi meirihlutinn byrji feril sinn heldur ógæfulega og að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafi teft á tæpasta vað.

Bjarni Benediktsson tveigis, fyrst 1934—1942 og aftur 1946—1949. 1942 var Bjarni kjörinn á þing fyrir Reykjavík og var þingmaður til æviloka. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins átti Bjarni sæti frá 1936 og formaður hans var hann frá 1961. Þá gegndi dr. Bjarni og fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum, sem hér verða ekki upp talin, m.a. átti hann sæti í mörgum nefndum og stjórnun félaga. 1961 var Bjarni gerður heiðursdoktor í lögum við Háskóla Íslands, en eftir hann liggja mörg rit og fjöldi greina, einkum um lögfræðileg efni og stjórnmál.

Íþróttir

Framhald af 2. síðu.

Bjarna Friðriksson UMFN með 21:15 og 21:18 stigum.

Omar Lárusson IA sigraði Benedikt Zoega. Val með 21:14 og 21:14 stigum.

Hjálmar Aðalsteinsson KR sigraði Gísli Antonsson A. með 23:21, 13:21 og 21:13.

Árni Gíslason KR sigraði Elvar Elíasson IA með 19 gegn 21, 21:17 og 21:17 stigum.

II. riðill:

Sigurður Gylfason IA sigraði Árna Grétarsson KR með 22:20 og 21:13 stigum.

Sigurður S. Jóhannsson A. sigraði Eðri Magnússon IA með 21:8 og 21:8 stigum.

Hjálmar Aðalsteinsson KR sigraði Smára Elíasson IA með 21:19 og 23:21 stigi.

Undanúrslit:

Sigurður Gylfason IA sigraði Sigurð S. Jóhannsson A. með 21:11 og 21:15 stigum.

Hjálmar Aðalsteinsson KR sigraði Omar Lárusson IA með 21:21 og 14:4 stigum.

Úrslit:

Í keppni um fyrsta og annað sætið sigraði Hjálmar Aðalsteinsson KR Sigurð Gylfason IA með 21:17, 8:21 og 21:18.

Í keppni um þriðja og fjórða sætið sigraði Sigurður S. Jóhannsson A. Omar Lárusson IA með 21:6 og 21:14 st.

TVÍLÍDALEIKUR UNGLINGA

Úrslit:

Árni Gíslason KR og Hjálmar Aðalsteinsson KR sigruðu Elvar Elíasson IA og Sig. Gylfason IA með 21:15 og 21:12 st.

Þjóðgarðsvörður

Framhald af 10. síðu.

bústaðnum og þakið lyftist upp. Þegar við komum þangað, sagði sr. Eiríkur, var þetta orðið gífurlegt, óviðráðanlegt eldhaf, þetta gamla timburhús fuðraði upp á svipstundu og tíu mín. fyrir kl. 2 var húsið fallið. Er furðu lítið brak eftir af húsinu, en viðbót-arbygging við hlið þess stendur uppi.

Veður var óvenju slæmt á Þingvöllum í fyrrirott, 7-8 vindstig þióri við Valhöll og mikil rigning, en slydda á svæðinu við Skógarhóla þar sem tíöld hestamannanna voru og hörkubylur í Bolabás.

Þetta var ákaflega svíplegt, sagði sr. Eiríkur að lokum, og er fólk hér harmi lostið vegna slyssins.

SMURT BRAUÐ
 SNITTUR
 BRAUÐTERTUR

BRAUÐHÚSIÐ
SNACK BAR

Laugavegi 126,
við Hlemmtorg.
Sími 24631.

Foreldrar okkar, tengdaforeldrar, amma og afi,

SIGRIÐUR BJÖRNSDÓTTIR
og
BJARNI BENEDIKTSSON

létust aðfaranótt föstudagsins 10. júlí.

Björn Bjarnason og Rut Ingólfssdóttir,
Guðrún Bjarnadóttir,
Valgerður Bjarnadóttir,
Anna Bjarnadóttir,
Bjarni Markússon.

Sónur okkar
BENEDIKT VILMUNDARSON
lézt aðfaranótt föstudagsins 10. júlí.

Valgerður Bjarnadóttir,
Vilmundur Gylfason.

Dregið í Hæppdrætti Háskólans

Föstudaginn 10. júlí var dregið í 7. flokk; Hæppdrætti Háskóla Íslands. Dregni voru 4.400 vinningar að fjárhæð 15.200.000 kr.

Hæsti vinningurinn, fjórir 500.000 króna vinningar, kom á miða númer 42172. Voru allir fjórir miðarnir seldir í umboði Helga Sivertsen í Vesturveri. 100.000 krónur komu á númer 5427. Voru allir fjórir miðarnir af því númeri seldir í Aðalumboðinu í Tjarnargötu 4.

10.000 krónur:

3257	5286	7570	8458	9073
9277	10866	12632	13698	14738
14857	15161	15911	17028	18358
18460	19393	19840	21417	22725
22975	23625	24064	24185	24835
25566	25578	25934	26277	26799
30141	30491	30643	31863	32576
33341	33946	34879	36234	36466
37622	37785	38717	38799	39835
41666	42171	42173	42381	42594
43035	43589	44348	45990	46025
46083	46130	46735	46875	47100
47031	48949	50365	50567	53817
56727	57642			

Með Niels Klím

Framhald af 5. síðu. Bretlands, þar sem veika kynið ber nafn með rentu, þar sem konurnar hlýða boði og banni manna sinna í þeirri blindni að þær líkjast fremur véllum eða vélmennum en verum, sem gæddar eru frjálsum vilja."

Meðan ég dvaldi meðal einberjatrjáanna drifist ég samt ekki að fordæma opinátt síði þeirra; en þegar ég hélt á brott frá höfuðborginni sagði ég við nokkra þeirra, að þeir brytu gegn náttúrunni, þa' eð allsstaðar væri það almennt viðurkennt af þjóðunum, að karlkynið eitt var skapað til að leysa erfið og þýðingarmikil verkefni. Þeir svöruðu því til, að ég blandaði síðvenjum saman við náttúruna. Þá veikleika sem við sæjum í kvenfólkinu meitti aðeins fyrirbyggja með uppláti, eins og aðstæður og skipulag í Kóleku sýndi, þar sem kvenkynið sýnir skínandi yfirburði og andlegar gáfur sem karlmenn eigna sér annarsstaðar. Konur í því landi eru látlausar, alvarlegar, hyggjar, áreiðanlegar og þagmælskar, en karlmennirnir eru hinsvegar léttúðgir, vanþroska og málgefni. Þegar landsmenn því heyrja einhverja markeleysu segja þeir: „Karlahjal“. Ef einhver hefur hagað sér fljótfærnislega og án fyrirhyggju er sagt: „Aumingja maðurinn. Hann hefur ekki meira vit en þetta.“

Eg gat samt ekki sett mig við athugasemdir af þessu tagi, því mér fannst aðstæður þar í landi ófugsúnar, heimskulegar og hreint og beint fjandamlegar náttúrulegri skipan.

(A.B. Þýddi).

ÍÞRÓTTA HÁTÍÐ 1970

LAUGARDAGUR 11. JÚLÍ

Laugardalsvöllur

Kl. 09.00 Salur undir stúku: Hátíðarmót í skótfimi.
Kl. 13.00 Hátíðarmót Frjálsíþróttasambands Íslands. Síðari dagur.
Kl. 16.00 Knattspyrnuleikur: Réykjavík — Landið.
Kl. 16.45 Fimleikasýning drengja 10—12 ára. Stjórnendur: Sigurður Dagsson og Þórhallur Runólfsson.
Kl. 17.45 Hátíðarslit.

Sundlaugarnar í Laugardal

Kl. 15.00 Landskeppni í sundi: Ísland — Írland. (Aðgangseyrir 100 kr. — 50 kr.).

Við Laugarnesskóla

Kl. 14.00 Íslandsmeistaramót í handknattleik utanhúss. (Aðgangseyrir 50 kr. — 25 kr.).

Við Íþróttamiðstöðina

Kl. 14.00 Íslandsmeistaramót í handknattleik utanhúss. (Aðgangur ókeypis).

Við Laugalækjarskóla

Kl. 14.00 Íslandsmeistaramót í handknattleik utanhúss. (Aðgangur ókeypis).

Knattspyrnuvellið í Laugardal og víðar í Reykjavík

Kl. 14.00 Hátíðarmót yngri flokkanna í knattspyrnu. (Aðgangur ókeypis).

Golfvöllur við Grafarholt

Kl. 10.00 Hátíðarmót Golfsambands Íslands. (Aðgangur ókeypis).

Íþróttahöllin í Laugardal

Kl. 09.00 Hátíðarmót í borðtennis.
Kl. 21.00 Dansleikur. (Aðgangur 150.00 kr.).
Kl. 02.00 Flugeldasýning.

ÍÞRÓTTA HÁTÍÐ 1970

VÖR Vinnuþot best KHAKI

Fjöldi samúðarkveðja barst við lát forsætisráðherrans

Samtveamt upplýsingum forsætisráðuneytisins, bárust forsætisráðuneytinu og skrifstofu forseta Íslands fjölmörg samúðarskeyti í gær vegna fráfalls forsætisráðherrahjónanna, dr. Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar Björnsdóttur, m.a. frá fjölmörgum erlendum þjóðhöfðingjum og ríkisstjórnnum. Mun listi yfir erlenda aðila, er sent hafa samúðarskeyti verða birtur í blöðunum á morgun.

Bláinu bárust í gær fréttir af samúðarkveðjum ýmissa erlendra stjórnmalamanna vegna fráfalls dr. Bjarna Benediktssonar.

Margir norrænir stjórnmalamenn hafa lagt áherzlu á baráttu Bjarna Benediktssonar fyrir eflingu norræns samstarfs. Forsætisráðherra Finnlands Teuvo Aura segir m.a. að Bjarni Benediktsson hafi lagt sérstaka áherzlu á norrænt samstarf og tekið þátt í störfum Norðurlandaráðs frá því að til þess var stofnað. Jens Otto Kragh, formaður Sósíaldemókrataflokkans danska, hefur látið svo um mælt, að hið sorglega fráfall Bjarna Benediktssonar hafi verið mikill skaði fyrir Ísland, sem eigi við erfið efnahagsleg og pólitísk vandamál að glíma; þá leggur Kragh og áherzlu á framlag hins látna forsætisráðherra til starfa Norðurlandaráðs.

Frestað forsetaheimsókn til Austurlands

Vegna andláts dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og konu hans frú Sigríðar Björnsdóttur verður ráðgerðri opinberri heimsókn forseta Íslands og konu hans til Austurlands dagana 15.-22. júlí frestað um óákveðinn tíma. (Frá skrifstofu forseta Íslands).

Skátar selja fræ- og áburðarfötur í dag

Skátar munu selja fræ- og áburðarfötur LANDVERNDAR á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi við Reykjavík í dag. Bandalag íslenskra skáta er aðili að LANDVERND.

Ferðafólk er bent á að taka með sér fötur og dreifa í jarðvegsár eftir upptök eða mannaferðir, tjaldstæði, hjólför o. s. frv. Ef afgangur verður, má setja hann á húsblettinn, þegar

Baunsgaard

Bláinu barst í gær frétt frá sendiráði Dana í Reykjavík þar sem greint er frá orðum Hilmars Baunsgaards forsætisráðherra Dana, er hann frétti frá forsætisráðherra Bjarna Benediktssonar, konu hans og dóttursonar.

Segir Baunsgaard m.a.: „Við þetta slys hefur Ísland ekki aðeins misst mikinn einstakling, heldur jafnaframt mjög reyndan og mikills metinn stjórnmalaman. Hann hafði árum saman gegnt stórum og þýðingarmiklum störfum í þágu lands síns og þjóðar. Þannig varð Bjarni Benediktsson þegar sem ungur lögfræðingur — eftir að hafa verið prófessor við Háskóla Íslands í mörg ár — borgarstjóri í Reykjavík 1940, en síðan varð hann utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra í íslensku ríkisstjórninni. Eftir að hann hafði gegnt mörgum öðrum ráðherraembættum var það eðlilegt að hann tæki 1963 við af Ólafi Thors sem forsætisráðherra.

Lát hans mun skilja eftir djúpan söknud á Íslandi, Einnig hér í Danmörku, þar sem við kynntumst traustum og jákvæðum vini, verður hans saknað. Jákvæð afstaða Bjarna Benediktssonar kom í ljós þegar hann var fulltrúi lands síns í norrænu samstarfi. Í viðræðum síðustu ára um útfærslu og eflingu þessa samstarfs kynntist ég Bjarna Benediktssyni persónulega og lærði að meta hann sem stjórn-

málaman og einstakling. Ég mun sakna hans mjög“.

Per Borten

OSLO 10/7 — Per Borten, forsætisráðherra Noregs, farast svo orð um fráfall Bjarna Benediktssonar, konu hans og dóttursonar, að sér hafi orðið mikill áfall að fréttu af þessum hörmulega atburði, sem hann skoði sem persónulegan missi. Borten fer hlýlegum orðum um mannkosti forsætisráðherra og mikil framlag hans til norræns samstarfs, enda hafi hann og kona hans notið mikils áhlits á Norðurlöndum. „Norðurlöndum er mikill skaði að fráfalli Bjarna Benediktssonar, og fregnin um það hefur orðið mér til sárrar hryggðar. Ég læt í ljós mína djúpu samúð með fjölskyldu Bjarna Benediktssonar, íslensku stjórninni og íslensku þjóðinni“.

Allar veitingar í Kinverska garðinum í Háabæ

Kinverski garðurinn verður opin nú í sumar sem endranær, þar verða á boðstólum jafnt evrópskir sem kinverskir réttir. Ráðgert er, að hljómsveit Hauks Morthens leiki í garðinum af og til í sumar auk Einaris Laga. Þá hefur Kinverski garðurinn á ný óðlæzt öll réttindi til veitingareksturs.

Ógæfuleg byrjun nýja meirihlutans í Kópavogi:

Aðalflokkarnir að klofna með nýjan liðsauka frá hannibalistum

Við nefndakjör á bæjarstjórnarfundum í Kópavogi í gær kom í ljós, að nýju meirihlutaflokkarnir — Framsóknarflokkur og íhaldið — hyggjast bæta veilurnar í eigin flokkum með liðsauka Huldu Jakobsdóttur. Við nefndakjör hafi meirihlutinn því sex atkvæði en minni hlutinn — Alþýðuflokksins og bæjarfulltrúa H-listans — þrjú atkvæði og fór fram hlutkesti um allar fimm manna nefndir. Þó hafði Hulda Jakobsdóttir, bæjar-

fulltrúi hannibalista, áður gert samkomulag við nefndakjör við bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins og H-listans.

Á bæjarstjórnarfundinum í gær var kosid í nefndir, er kjörinn hafði verið bæjarstjóri, en kjör hans var allsögulegt líka: Umsóknarfrestur um bæjarstjórastöðuna rann út í fyrradag og höfðu þrjár umsóknir: Frá Björgvín Sæmundssyni, bæjarstjóra á Akranes; og tveimur forustumönnum Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi. Er umsóknir voru komnar fram var haldin fundur í fulltrúaráði Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi

í fyrrakvöld þar sem íhaldsmennirnir tveir voru þvingaðir til þess að draga umsóknir sínar til baka á þeim forsendum að gert hefði verið bindandi samkomulag við Framsóknarmann um Björgvín Sæmundsson bæjarstjóra á Akranes; í embætti bæjarstjóra í Kópavogi. Þetta samkomulag við Framsóknarflokkinn var þó af hálfu bæjarfulltrúa íhaldsins gert í algeru heimildarleysi — og er víst að íhaldsmenn í Kópavogi eru ekki búnir að bita úr nálinni með þá ósamkomulag sem þar er vegna myndunar nýs meirihluta og samstarfsins við Framsókn.

Áður hefur verið greint frá

því hver óeiningin er innan raða Framsóknarmanna í Kópavogi vegna meirihlutasmáttar með íhaldinu. Nú er einnig komin í ljós alvarleg veila í íhaldsflokknum. Hins vegar virðast þessir tveir meirihlutaflokkar nú ætla að bæta veilurnar í sínum rötum með liðsauka Huldu Jakobsdóttur bæjarfulltrúa hannibalista. Á bæjarstjórnarfundinum í gær hafði Hulda samstöðu með meirihlutaflokkunum við kjör í allar nefndir, þannig að samtals hafði meirihlutinn sex atkvæði en minni hlutinn þrjú.

Hulda hafði áður gert sam-

Frámhald á 7. síðu.

Loftorustur enn yfir Súezskurði

TEL AVIV 10/7 Ísraelsmenn halda því fram, að þeir hafi skotið niður þrjár egypzkar MIG-þotur í loftorustum yfir Súezskurði í dag. Er þetta fyrstu loftorusturnar sem háðar eru á þessum slóðum eftir að Ísraelsmenn báru fram staðhæfingar sínar um að Egypptar hefðu byggt upp nýtt eldfloagakerfi á Súezsvæðinu með aðstoð Sovétmanna.

Frestað bæjarstjórnarfundum

Ísafirði í gærkvöld: Bæjarstjórnarfundur á Ísafirði hafði verið boðaður í kvöld, en á bæjarráðsfundi kl. 11½ í dag var samþykkt að fresta honum vegna hinna hörmulegu atburða á Þingvöllum. — (H.Ö.).

Nýr borgardómari

Hinn 25. júní s. l. skipaði forseti Íslands Stefán M. Stefánsson til þess að vera borgardómari við borgardómaraembættið í Reykjavík.

Stefán M. er fæddur í Reykjavík 19. október 1938. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1958 og lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1964.

Hann starfaði fyrst sem fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, en 1. desember 1964 varð hann fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Hefur hann gegnt því starfi síðan.

Stefán M. stundaði framhaldsnám við Nordisk Institutt for Sjørett í Oslo sumarið 1966 og við Háskólann í Hamborg veturinn 1966—1967 og um stuttan tíma vorið 1969, á sama stað.

ÞJÓÐVILJINN

Laugardagur 11. júlí 1970 — 35. árgangur — 153. tölublað.

Þjóðgarðsvörður sr. Eiríkur Eiríksson:

Held að slökkvilið hefði engu bjargað

Við urðum ekki neins vör fyrir en um hálfvöleytið, að við vöknudum við, að hringt var frá Valhöll til að reyna að ná til Reykjavíkur og var þá þegar mikill eldur í forsætisráðherra-bústaðnum, sagði séra Eiríkur J. Eiríksson þjóðgarðsvörður Þjóðviljanum í gær.

Hann kvaðst hafa gengið um svæðið kringum bústaðinn um kl. hálfétt um nóttina og þá ekki orðið neins óvenjulegs var. Ekki vissi hann þá, hvort nokkur var í bústaðnum, en reiknaði alveg eins með því, þótt ekki væri bíll við húsið, því forsætisráðherra eða fjölskylda hans hefði oft dvalið þar á sumrin. Sagði þjóðgarðsvörður að alltaf væri höfð gát á þessu svæði og gáð þar að mannaferðum á kvöldin, ekki sízt þegar eitthvað væri um að vera á Þingvöllum, eins og nú var.

Það tókst að ná til Reykjavíkur gegnum Selfoss og kalla á slökkvilið, sem ekkert er hér í sveitinni, en þegar það kom á staðinn var húsið þegar fallið. En eldurinn var svo magnaður, rokið það mikið, og húsið svo fljótt að fuðra upp, að ég held

að þótt brunaliðið hefði verið staðsett nær og komið fyrir á staðinn, hefði það engu getað bjargað, sagði Eiríkur.

Hollenska ferðafólkíð sem varð eldsins vart um stundarfjórðungi yfir kl. 1, sá fyrst einhver ókennilegan bjarna og gekk að bústaðnum, sem því virtist að eldur væri í og barði fólkíð húsið allt að utan til að reyna að vekja, ef einhver skyldi vera inni. Síðan sá það eld loga út um einn gluggann og skipti úr því ekki togum, sprenging var í Framhald á 7. síðu.

Dregið í Hapdrætti blindra

● Dregið var í hapdrætti Blindrafélagsins þann 8. júlí og kom vinningurinn á miða No. 33570.

Handhafi miðans er beðinn að vitja vinningsins, sem er Ford Taunus folksbílfreið, til Blindrafélagsins, Hamrahlið 17 fyrir 14. þ. m. Eftir þann tíma verður lokað vegna sumarleyfa.

SÍÐUSTU ÍPRÓTTAFRÉTTIR

Fyrri dagur landskeppninnar í sundi

Ísland hefur 11 stiga forustu

Vilborg Júlíusdóttir og Guðmundur Gíslason settu bæði ný Íslandsmet

Að loknum fyrri degi landskeppninnar í sundi gegn Írum hefur Ísland 11 stiga forustu, 71:60. Íslenska sundfólkíð sýndi frábæran keppnisvilja og sigraði í 6 greinum af 11. Þau Vilborg Júlíusdóttir og Guðmundur Gíslason settu ný Íslandsmet, Vilborg

í 400 metra skriðsundi, en Guðmundur í 200 metra flugsundi. Auk þess settu boðsundsveitirnar íslensku ný Íslandsmet í 4x100 metra skriðsundi kvenna og í 4x100 m. fjörsundi karla. Annars urðu úrslit þessi:

200 m. fjörsund karla:
Guðmundur Gíslason 2:23,6
Donnach O'Dea 2:28,9
Halþór Guðmundsson 2:29,4
Andrew Hunter 2:39,3

400 m. skriðsund kvenna:
Vilborg Júlíusdóttir Ísl. 5:05,1

Guðmunda Guðmundsdóttir 5:07,1
Emily Bolwes 5:08,8
Ailing O'Leary 5:56,5

Tími Vilborgar er nýtt Ísl. met.

400 m. skriðsund karla:
Frank O'Dwyer 4:42,3
Francis White 4:46,1
Ólafur Þ. Gunnlaugsson 4:47,8
Gunnar Kristjánsson 4:47,9

100 m. flugsund kvenna:
Vivienne Smith 1:11,7
Emely Bolwes 1:15,4
Sigrún Siggeirsdóttir 1:16,5
Ingibjörg Haraldsdóttir 1:17,0

100 m. baksund kvenna:
Christine Fulcher 1:15,5
Sigrún Siggeirsdóttir 1:16,0
Salóme Þórisdóttir 1:17,3
Norma Stobo 1:17,7

200 metra baksund karla:
Guðmundur Gíslason 2:29,7
Francis White 2:33,0
Halþór B. Guðmundsson 2:34,3
Micheal Channey 2:41,9

200 metra bringusund kvenna:
Ann O'Connor 2:55,6
Helga Gunnarsdóttir 3:02,5
Ellen Ingvadóttir 3:03,3
Dorothy Cross 3:18,8

100 m. bringusund karla:
Leiknir Jónsson 1:12,6
Guðjón Guðmundsson 1:13,0

Martin McGrory 1:16,6
Joe Mc Avoy 1:46,3

200 metra flugsund karla:
Donnacha O'Dea 2:21,9
Guðmundur Gíslason 2:22,5
(Nýtt Íslandsmet).
Gunnar Kristjánsson 2:36,6
Joe McAvoy 2:36,6

4x100 m. skriðsund kvenna:
Sveit Íslands: 4:31,5
(Nýtt Íslandsmet).
Sveit Írlands: 4:32,1

4x100 m. fjörsund karla:
Sveit Íslands: 4:21,0
Sveit Írlands: 4:31,7

Í dag heldur keppnin áfram í Laugardalslauginni og hefst kl. 15. — S.ðor.

Alþýðu blaðið

Laugardagur 11. júlí 1970 — 51. árg 150. tbl.

Bóndinn að Mýrum í Bárðardal: Aldrei kynnt öðru eins veðri að sumarlagi


□ 72 manna hópur erlendra ferðamanna frá Úlfari Jacobsen lenti í miklum hrakningum á Sprengisandsleið í fyrradag —

Svartabrið var, þegar hópurinn lagði af stað frá skála Ferðafélagsins við Tungnatellisjökul kl. 9 á fimmtudagsmorgun og komust rúturnar niður í Bárðardal kl. 6 um kvöldið. Bóndinn að Mýrum í Bárðardal, sem hefur búið þarna allt sitt líf sagði aldrei hafa kynnt öðru eins veðri.

Hópurinn, sem lenti í hrakningunum heldur ferðinni óhindrað áfram og í gær var hann staddur á Húsavík í leiðinda-veðri. Öllum líður vel og er ætlunin að fara inn í Mývatns-sveit og síðan inn að Öskju.

Annar hópur frá Úlfari lagði upp á miðvikudaginn inn að Veðivötnum og hefur ferðin gengið þrýðilega hingað til. Í fyrrinótt gisti hópurinn að Skarði í Land sveit. Er ætlunin að fara á Sprengisandsleið en beðið er eftir að slóti.

Frá Ferðafélagi Íslands var enginn hópur á fjöllum í gær, en einn hópur í gær var staddur í Skagafirði og er meiningin að fara á Hveraveili aðfaranótt sunnudags.



Svona blöktu fánar hvarvetna í gær.

SORGARDAGUR

□ Fánar blöktu hvarvetna í hálfu stöng í gær eftir að fréttin um sorgaraburðinn á Þingvöllum varð kunn. Samúðarkveðjur streymdu inn til forseta og ríkisstjórnar er líða tók á daginn frá erlendum ríkisstjórnnum og innlendum og erlendum einstaklingum. Er óhætt að segja að atburðirnir á Þingvöllum hafi komið yfir fólk eins og reiðarslag og dagurinn í gær var þjóðinni saunkallaður sorgardagur.

Eins og Alþýðublaðið skýrði frá í gær liggur ekki ljóst fyrir hver eldsuþtök voru, en líkur eru þó taldar á að olíukynding hússins hafi valdið brunanum. Var unnið í allan gærðag að rannsókn málsins.

Ríkisstjórnin kom saman til fundar um hádegisbilið í gær og var þá ákveðið að Jóhann Hafstein tæki við embætti forsætisráðherra fyrst um sinn. Jafnframt ákvað forseti Íslands að hætta við ráðgert ferðalag sitt til Austurlands.

Erlendir stjórnálamenn hafa margir birt samúðarkveðjur


vegna fráfalls dr. Bjarna Benediktssonar, konu hans og dóttur sonar.

Per Borten forsætisráðherra Noregs sagði í dag, að hann liti á fráfall dr. Bjarna Benediktssonar sem persónulegan missi sinn. „Bjarni Benediktsson var á bezta aldurskeiði, allir þekktu alúð hans, gestrisni og umhyggju fyrir samborgurum sínum. Hann hefur með starfi sínu lagt mikið af mörkum til norrænnar samvinnu og stuðlað að samheilni Norðurlanda. Frá fall dr. Bjarna Benediktssonar er mikill missir fyrir Norður-

lönd, og þessi tíðindi valda mér djúpri sorg.“ sagði Borten meðal annars.

Hilmar Baunsgaard forsætisráðherra Danmerkur sagði, að við fráfall Bjarna Benediktssonar hefði Ísland ekki aðeins verið svipt mikilfenglegum persónuleika, heldur einnig virðum og reyndum stjórnálamanni. Baunsgaard sagði að dr. Bjarna mundi verða djúpt sakt að í Danmörku, og persónulega mundi hann sjálfur sakna hans mjög.

Tauvo Aure forsætisráðherra Finnlands sagði m. a. að Bjarni Benediktsson hefði látið sér mjög annað um norræna samvinnu og tekið þátt í störfum Norðurlandaráðs frá upphafi. Jens Otto Krag, leiðtogi danskra jafnaðarmanna lagði einnig áherzlu á framlag Bjarna Benediktssonar til norrænnar samvinnu og sagði að fráfall hans væri mikið áfall fyrir Ísland á Framh. á bls. 11.



Jóhann Hafstein forsætis- ráðherra

□ Forseti Íslands hefur að til lögu ríkisstjórnarinnar fallið á að fela Jóhanni Hafstein ráðherra að gegna störfum forsætisráðherra fyrst um sinn, segir í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu. —

Samúðarkveðja forseta Íslands í útvarpinu í gær:

ÞJÓÐIN ER HARMÍ LOSTIN

□ Þau sorgartíðindi spurðust snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans frú Sigríður Björnsdóttir og ungur dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson, hefðu látið lífið, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, þegar skammt var liðið nætur.

Slíkur atburður er hörmulegri en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu vefangi er í burtu svipt traustum forustumanni, sem um langan áldur hefur staðið í fylkingarbrósti og verið í fyrirsvari í þjóðlíti voru og með honum ágætri konu hans, er við hlið hans hef ur staðið með sæmd og þrýði,

og ungum sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt að íslensku þjóðinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum vér hezt á stundum mikilla tíðinda, til

gleði eða sorgar. Þjóðin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherrahjón sín. Eg mæli fyrir munn allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mína og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er syrgja sveinið unga.

Alþýðu blaðið

Útgefandi: Nýja útgáfufélagið
 Framkvæmdastjóri: Þórir Samundsson
 Ritstjórn: Kristján Bersi Ólafsson
 Sighvatur Björgvinsson (áb.)
 Ritstjórnarfulltrúi: Sigurjón Jóhannsson
 Fréttastjóri: Vilhelm G. Kristinsson
 Auglýsingastjóri: Sigurjón Ari Sigurjónsson
 Prentsmiðja Alþýðublaðsins

STJÓRNKERFIÐ

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, gat þess í útvarpsávarpi sínu um hádegi í gær, að öll íslenska þjóðin væri í raun réttari eins og ein fjölskylda. Kæmi þetta ekki sízt í ljós á stundum mikilla tíðinda, hvort sem væru til sorgar eða gleði.

Sannleiksgildi þessara orða kom berlega í ljós í gær, er landsmenn hugsuðu og ræddu um brunaslysið á Þingvöllum sem persónulegan fjölskylduharmleik, svo að varla gerist annar sviplegrí.

Önnur hugsun mun þó fylgja á eftir. Hún er sú, að óvænt lát forsætisráðherra hlýtur að vera stórvíðburður á hinu stjórnmalalega sviði, hvar í löndum sem slíkt ber að. Hvarf mikilla forustumanna af sjónarsviði hefur margvísleg áhrif á stór og smá mál-efni, breytir ýmsum aðstæðum og getur skapað mikla óvissu.

Það þykir bera vott um stjórnmalabroska einnar þjóðar, ef slíkir atburðir raska sem minnst stjórnkerfi landsins og það verður sem skemmst án öruggar, fastrar stjórnar. Engum Íslending voru þessi mál ljósari en dr. Bjarna Benediktssyni, enda hafði hann í áratugi ástundað stjórnvísindi, hugsað og skrifað um tilgang og skipan stjórnkerfa. Um þekkingu og áhuga á þessum efnum átti hann sér fáa líka, og kom það þjóðinni oft að góðum notum á hinum langa stjórnmalafarli hans og í ýmsum ábyrgðarstöðum, sem hann gegndi. Margt á þessu sviði virðast almenningi einfaldir hlutir, en svo reynist ekki, þegar betur er athugað.

Hér á landi hefur einu sinni komið fyrir áður, að forsætisráðherra lézt í embætti. Var það Jón Magnússon, sem varð bráðkvaddur á Norðfirði í júní 1926, skömmu eftir að konungskomu lauk. Þá liðu margir dagar, áður en nýr forsætisráðherra var skipaður. Tók Jón Þorláksson þá við starfinu.

Að þessu sinni liðu aðeins klukkustundir frá hinu sviplega slysi, unz staðgengill dr. Bjarna hafði formlega tekið við starfi forsætisráðherra. Stjórnkerfið gekk eins og klukka af öryggi og festu.

Það kann að vera, að ýmsum þyki þetta sjálfsagt mál, formsatriði ein, er skipti litlu máli. En við skulum bera okkur saman við önnur lönd í þessu eins og öðru, og þá verður ljóst, að slík festa í stjórnkerfi er hvorki sjálfsögð né lítills virði. Hún er ávöxtur af löngu og þrauthugsuðu starfi margra manna, þeirra á meðal hins látna forsætisráðherra sjálfs.

Gerist áskrifendur

Áskriftarsíminn er 14900

SVIPMYND

Almennt var við því búzt fyrirfram, að Quintín Hogg yrði innanríkisráðherra í stjórn Heaths í Bretlandi, enda hafði hann verið talsmaður flokksins í þeim málum í stjórnartíð Wilsons. En þegar til kom var Hogg gerður að forseta lávarðardeildarinnar, og Reginald Maudling skipaður í embætti innanríkisráðherra, sem er eitthvert þýðingarmesta embættið í brezku stjórninni. Í reynd er hann annar valdamesti maður ríkisstjórnarinnar og varaforsetisráðherra, og það er hlutverk hans að stjórna ráðuneytisfundum, ef forsætisráðherrann er fjarverandi.

Á vissan hátt má segja, að Maudling sé alltaf maður nr. 2. Sagt er að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum, þegar Sir Alec Douglas Home tók við embætti forsætisráðherra af Harold Macmillan 1963, og hann gerði sér einnig vonir um að verða kjörinn leiðtogi íhaldsmanna 1965, þegar Edward Heath var tekinn fram yfir hann.

Reginald Maudling fæddist í London 7. marz 1917. Faðir hans var tryggingafræðingur. Maudling ungi lagði stund á lögfræði í Oxford og fékk lögmannsréttindi 1940. Á stríðsárunum var hann í flughernum og starfaði í flugmálaráðuneytinu. Hann bauð sig fram til þings 1945, en náði ekki kjöri. Í staðina réðst hann til starfa á skrifstofu þingflokks íhaldsmanna og fjallaði þar fyrst og fremst um efnahagsmál og fjármál. Hann varð forstjóri fjármáladéildar skrifstofunnar og ráðunautur Winstons Churchills í þeim málum, en Churchill var þá í stjórnarandstöðu.

1950 var Maudling kjörinn á þing fyrir Barnet-kjördæmi í Hertfordshire, og hefur hann síðan verið þingmaður þess sama kjördæmis. Hann hélt áfram að fjalla um efnahagsmál eftir að á þing var komið og gerðist talsmaður flokksins í þeim.

Fyrsta ráðherraembætti sitt hlaut Maudling í apríl 1952, er

hann var skipaður aðstoðarráðherra í flugmálaráðuneytinu. Eftir sjö mánaða starf þar var hann fluttur yfir til fjármálaráðuneytisins í aðstoðarmannstöðu. Hlutverk hans þar var að fylgjast með efnahagsstefnu Bretlands út á við, og hann var staðgengill fjármálaráðherrans, þegar á þurfti að halda, og sat sem slíkur mikilvæga fundi bæði innan Bretlands og utan.

Í ágúst 1957 var Maudling fallið mjög mikilvægt starf: að skipuleggja og stjórna viðræðum um um inngöngu Bretlands í Efnahagsbandalag Evrópu, og í október sama ár var hann skipaður formaður nefndar þeirrar, er annaðist viðræðurnar. Þegar viðræðurnar við Efnahagsbandalagið fóru út um þúfur, tók hann mikinn þátt í viðræðum landanna sjö, sem síðan sameinuðust í EFTA. Þegar EFTA var stofnað var Maudling orðinn við skiptamálaráðherra og hann var árs 1961.



Reginald Maudling

– næst valdamesti maður brezku stjórnarinnar

Næst varð Maudling nýlendu málaráðherra og átti í því embætti verulegan þátt í því að þrjár gamlar nýlendur fengu sjálfstæði, Jamaica, Trinidad og Uganda. Í júlí 1962 varð hann síðan fjármálaráðherra og því embætti gegndi hann enn, þegar íhaldsflokkurinn missti völdin 1964 og verkamannaflokkurinn tók við stjórnartumunum.

Maudling var strax skipaður í skuggaráðuneyti Heaths og var talsmaður flokksins í efnahagsmálum og nýlendumálum, þar til hann var gerður talsmaður í varnarmálum í október 1968.

1965 var hann kjörinn varaformaður þingflokks íhaldsmanna formaður Eftaráðsins fyrri hluta og 1968 varð hann formaður stjórnmalanefndar þingflokksins.

Maudling kvæntist 1939 Beryl Laverick, fyrrverandi balletdansmey, og eiga þau saman þrjá syni og eina dóttur. Kona Maudlings er áhugasöm um sveitarstjórnarmál og hefur átt sæti í fylkisstjórn í heimabyggð þeirra. Þau eru búsett í Essenden í Hertfordshire.

(A-Pressen G. Haraldsen).

Skipaður borgardómari

Hinn 25. júní s. l. skipaði forseti Íslands, Stefán M. Stefánsson til þess að vera borgardómari við borgardómaraembættið í Reykjavík.

Stefán Már er fæddur í Reykjavík 19. október 1938, sonur hjónanna Stefáns heitinn Jakobssonar, múrarameistara frá Galtafelli og Guðrúnar Guðjónsdóttur.

Hann varð stúdent frá Mennta

skólanum í Reykjavík 1958 og hóf laganám þá um haustið og lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1964.

Hann starfaði fyrst sem fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, en 1. desember 1964 varð hann fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Hefur hann gegnt því starfi síðan. Stefán Már stundaði framhaldsnám við Nór disk Institutt for Sjørett í Osló

sumarið 1966 og við Háskólann í Hamborg veturinn 1966–67 og um stuttan tíma vorið 1969, á sama stað.

Stefán Már er kvæntur Kristínu Ragnarsdóttur, tannlækni, og eiga þau 3 börn.



SORGARDAGUR

Framhald af bls. 1.
erfðeileikatímum.

Síðdegis í gær rituðu allir sendiherrar og sendiráðsmenn í Reykjavík nöfn sín í minningabók um Bjarna Benediktsson, sem lögð hefur verið fram í utanríkisráðuneytinu. Í Kaupmannahöfn flutti sendiherra Íslands, Sigurður Bjarnason, minningarávarp í danska útvarpið um hádegisöld í gær. —

Skemmtistaðir í Reykjavík felldu niður dansleiki í gærkvöldi, og yfirleitt má segja að sorg hafi hvílt yfir öllu borgarlífinu í gær. — KB.

HASH

Framhald af bls. 16.
vera. Í bréfinu segir meðal annars:

„Við skrifum yður af því að við skiljum ekki menningarmála ráðherrann yðar alveg. Þér getið

kannski hjálpað okkur, af því að það eruð þér sem hafið gert hann að ráðherra.

Við skiljum ekki að það geti verið réti þegar ráðherrann segir í verða að svipta leikflokkinn Secret Service ríkisstyrk, af því að hann vilji ekki eða geti ekki haft eftirlit með því, hvort cannabis sé reykt meðan á sýningum standi. Við erum nefnilega að koma úr menningarmála ráðuneytinu þar sem við reyktum cannabis út um allt — þýðir það að menningarmálaráðherrann missi nú allar fjárveitingar.

Þessari gagnrýni hefur ráðherrann svarað með því að hann hafi einungis farið eftir lögum. Hash-neyzla sé bönnuð með lögum, og það sé ekki hægt að veita opinberan styrk til leikhúss, sem ekki sé hægt að kalla annað en hash-bæli. —

Staða sveitarstjóra

Staða sveitarstjóra í Stykkishólmi er laus til umsóknar!

Umsóknarfrestur er til 25. júlí n.k.

Umsóknir skulu sendast til oddvita Stykkishólmshrepps.

Hjúkrunarkonur óskast

Hjúkrunarkonur vantar strax í Kleppsspítalann til afleysingar í sumarleyfum á dag- og næturvaktir í heilsdags eða hluta-vinnu. Upplýsingar gefur forstöðukonan, á staðnum, og í síma 38160.

Forstöðukona

BÍLASKOÐUN & STILLING

Skúlagötu 32.

HJÓLASTILLINGAR

MÓTORSTILLINGAR LJÓSASTILLINGAR

Sími

Látið stilla í fima.


Fljót og örugg þjónusta.

13-100

Flugið gengur hægt

□ Innanlandsflug Flugfélags Íslands gengur stíðlega þessa dagana. Hafa orðið miklar tafir vegna bílana og dæmi þess, að seinkun á flugi næði 5 tímum. Auk þess var ófært til Raufarhafnar og Vestmannaeyja í gær. Þó ástandið sé slæmt er það ekki alvarlegt og allt flug smágengur. Millilanda flugið hefur gengið betur, nema í fyrradag, þegar miklar tafir urðu vegna bílana.

VIPPU - BÍLSKÚRSHURÐIN



I-karur

Lagerstærðir miðað við múrop:
Hæð: 210 sm x breidd: 240 sm
- 210 - x - 270 sm

Aðrar stærðir smíðaðar eftir beiðni.

GLUGGASMIÐJAN

Söðumúla 12 - Sími 38220

Ingólfs-Cafe

Gömlu dansarnir í kvöld kl. 9

☆ Hljómsveit Þorvaldar Björnssonar
Aðgöngumiðasala frá kl. 5 — Sími 12826.

HVAÐ ER RUST-BAN?

Rust-Ban er ryðvarnarefni fyrir bíla, sem reynzt hefur mjög vel við ólíkustu aðstæður. Efni þetta hefur geysilega viðloðunarhæfni er mjög höggþolið og mótstaða þess gegn vatni og salti er frábær.

RYÐVARNARSTÖÐIN HF.

Ármúla 20 — Sími 81630.


OPIÐ Í SALTVÍK



Skátar bjóða fræ og áburð við þjóðveginn

□ Til hagræðis fyrir fólk sem er að faar út úr bænum og vill leggja Landvernd lið í baráttunni fyrir landgræðslu og náttúruvernd ætla skátar að selja fræ- og áburðarfötur Landverndar í dag á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi við Reykjavík. Ágóði af sölunni fer til kaupa á fræi og áburði til landgræðslu ferða áhugamanna á vegum Landverndar. Föturnar fást nú einnig á benzínstöðvum víða um landið. Bandalag Ísl. skáta er aðili að Landvernd.

□ Skátar afhentu í gær forseta Íslands, dr. Kristjáni Eldjárn, eina fötu að gjöf frá Landvernd. Forsetinn vildi borga fötuna, en skátarnir máttu ekki heyra það nefnt.



Opinberri heimsókn forsetans frestað

Vegna andláts dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og konu hans frá Sigríðar Björnsdóttur verður ráðgerðri opinberri heimsókn forseta Íslands og konu hans til Austurland dagana 15.—22. júlí frestað um óákveðinn tíma.

Reyktu hash hjá ráðherra

□ Mikil er nú rætt í Danmörku um þá ákvörðun Helvig Petersens menningarmálaráðherra, að fella niður styrk til leikflokks á þeim forsendum, að áhorfendur hafi reykt hash á sýningum hjá leikflokknunum. Hafa ýmsir orðið til þess að mæla þessari ákvörðun, þar á meðal átta frægir listamenn, með rithöfundinn Klaus Rifbjerg í broddi fylkingar, sem heimsóttu ráðherrann nýlega og afhentu honum bréf og ræddu við hann um málið góða stund. Meðan hópurinn dvaldist hjá ráðherranum tóku margir upp pípurnar og reyktu — ekki tóbak, heldur hash, og bentu ráðherranum síðan á það að hashið hefði verið keypt fyrir listamannastyrk frá ríkinu.

Þessir sömu listamenn sendu einnig Baunsgaard forsætisráðherra bréf um málið, og þykir það fremur óhátíðlega orðað af bréfi til forsætisráðherra að Framh. á bls. 11.

1 stígs hiti á Hveravöllum

□ Í gær gekk veður hægt og hægt niður á öllu landinu Vindlægði og mun sú þróun halda áfram í dag. 6 vindstígar voru mest í Reykjavík og mest 7 st. hiti á Hornbjargsvita. Kaldast var 1 stígs hiti á Hveravöllum.

Lægðin, sem hefur valdið þessu veðri er að láta undan síga. Á Grænlandshafi er önnur lægð og mun veðrið ganga niður með henni og vindur snúast til sunnanáttar. —

Allir fjallvegir hafa verið ruddir

Varað við allri umferð um Sprengisandsleið

□ Fjallvegir á landinu eru færir í dag. Mikill snjór var á hálandinu í fyrradag, en allir fjallvegir verið ruddir nema Hellisheiði eystri. Kaldadalsteið er fær inn í Kerlingarfjöll fyrir Jeppa, en Vegaeftirlitið var ar við allri umferð um Sprengisandsleið.

Vopnafjarðarheiði varð ófær í fyrradag vegna mikillar snjókomu, en var opnuð í gær og Mördudalsöræfi voru þungfær, en eru núna opin umferð. Aðrir fjallvegir eru í lagi. Allir þjóðvegir landsins eru í þokka legu ástandi.

Við höfðum samband við Pál

Bergþórsson veðurfræðing og spurðum hann hvort þessi snjókoma á hálandinu væri ekki sjaldgæf. Sagði hann, að ekki væri því að neita, að hér væri um sjaldgæfan atburð að ræða miðað við árstíma, en ekki eins dæmi.

Annir hjá sjónvarpinu - þrátt fyrir sumarfríin

□ Þótt sjónvarpið sé í sumarfríi var annasamur dagur hjá starfsmönnum þess í gær. Af tilviljun voru sjónvarpsmenn á leið til Þingvalla í gærmorgun, þegar fregnir bárust um hjóhörmulega slys, sem þar varð í fyrrinótt. Tóku þeir myndir af brunarústunum og unnu dagsskrá um atburðina, og var filmið send úr landi með sérstakri flugvél kl. 13.20 í gær. Var farið með filmuna til Glasgow,

en þar átti að dréifa henni um Eurovision-kerfið, og má búast við að í síðari fréttum flestra eða allra evrópskra sjónvarpsstöðva í gærkvöldi hafi fréttin um eldsvoðann verið birt með myndum frá íslenska sjónvarpinu. Vegna sumarleyfanna var þó að senda kvikmyndafilmuna út óframkallaða.

Þetta er í annað skiptið í sögu íslenska sjónvarpsins, sem stórtíðindi gerast þann mánuð,

sem sjónvarpið er lokað vegna sumarfría. Í fyrra skiptið var það landgangi Bandaríkjamanna á tunglinu, sem átti sér stað í frítímanum, og þá rauf sjónvarpið friðið og flutt dagsskrá um þann atburð. Eftir er að sjá hvort það sama verður gert núna, en heyrzt hefur að til greina komi að útför forsætisráðherra hjónanna verði sjónvarpað. Ekkert mun þó hafa verið ákveðið í því efni. — KB.



Morgunblaðið

154. tbl. 57. árg.

SUNNUDAGUR 12. JÚLÍ 1970

Prentsmíðja Morgunblaðsins



Það hefur ekki viðrað vel til heyskapa hjá bændum undanfarna daga, en vonandi breytist það þó til batnaðar á næstunni. Á Keldum, rétt ofan við Reykjavík, var búið að slá heimatúnin og með ævintýrlegum hraða var heyið þurrkað og hirt í hlöðu. — Systkinin Guðni Kjartan 9 ára og Eyðis Lára 7 ára, létu sitt ekki eftir liggja, heldur kepptust við að snúa þó að hrifurnar væru reyndar nokkrum númerum of stórar fyrir þau.

(Ljósmynd. Mbl.: Kr. Ben.)

Ítalía:

Andreotti falin stjórnarmyndun

— Eindreginn kaþólikki
— Andvígur hjónaskilnaðarfrv.

Róm, 11. júlí AP—NTB. GIULIO Andreotti, formaður þingflokks kristilegra demókrata í fulltrúadeild ítalska þingsins hefur verið beðinn um að gera tilraun til nýrrar stjórnarmyndunar á Ítalíu. Fór Saragat forseti þess á leit við hann í dag. Andreotti hefur ekki áður gegnt embætti forsætisráðherra, en hann hefur gegnt ýmsum ráðherraembættum í ríkisstjórn Ítalíu lengur en nokkur annar

frá stríðslokum. Hann er 51 ára að aldri.

Andreotti er eindreginn kaþólikki, sem hefur verið í andstöðu við stjórnarbandalag vinstri og miðflokka, og hann hefur verið á móti lagabreytingum í þá átt, að hjónaskilnaðarverði heimilaður í landinu.

Mariano Rumor, fráfarandi forsætisráðherra baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt á

Framhald á bls. 31

Hafnarverkfall yfirvofandi í Bretlandi

Mun loka öllum höfnum

London, 11. júní. — NTB

HELZTI verkalýðsleiðtogi Bretlands, Vic Feather, sem er framkvæmdastjóri alþýðusambandsins þar í landi, tók í morgun til úrslitaráða í kjaradeilu hafnarverkamanna í því skyni að reyna

að koma í veg fyrir verkfall það, sem hafnarverkamennirnir hafa boðað og hefði í för með sér, að allar hafnir landsins myndu lokast algjörlega í reynd. Slikt verkfall hefur ekki átt sér stað frá 1926 og þetta er alvarlegasta ógnunin, sem brekkt efnahagslíf hefur lengi mátt horfast í augu við.

Feather lét kalla leiðtoga hafnarverkamanna á sinn fund í morgun til þess að reyna að fá þá til þess að samþykkja sáttatilaun og fresta verkfallinu, en formaður félags hafnarverkamanna innan sambands flutningaverkamanna, Tim O'Leary, ítrekaði þau ummæli í gærkvöldi, að allt stefndi nú í átt til verkfalls.

Samtök atvinnurekenda hafa þegar fallið á tillöguna um sáttatilaun, en verkamenn krefjast nýrra, raunhæfra launatilauna, áður en þeir afturkalla verkfallshótun sína.

Samtímis þessu hefur brekka ríkisstjórnin haldið áfram undirbúningi sínum, ef til þessa stórværkfalls skyldi koma. Hún hefur þegar tilkynnt, að lýst muni yfir neyðarástandi, skelli verkfallið á og að herlið muni látið

Karjalainen forsætisráðherra Finnlands

Ný stjórn við völd á mánudag

Helsingfors, 11. júlí AP.

FIMM af finnsku stjórnmalaflokkunum samþykktu í gær að mynda í sameiningu samsteypustjórn undir forsæti Ahti Karjalainens, sem verið hefur utan-


ríkisráðherra. Ef stjórnarmyndun þessi tekst, verða það lok stjórnarkreppu þeirrar, sem í rauninni hefur ríkt í Finnlandi frá því í þingkosningunum í

Ra kemur að landi á mánudag

Barbados, 11. júní AP.

BÚIZT er við að Ra, pápýrus bátur norska landkönnuðarins Thor Heyerdahl, komi til Barbados, seint á mánudagskvöld, eða á þriðjudag. Síðastliðinn laugardag var báturinn um 320 km. austur af Barbados, og lék allt í lyndi. Veðrið hefur gert áhöfninni erfitt fyrir, og nokkrum sinnum lenti Ra í óveðrum, sem seinkuðu ferðinni nokkuð. Báturinn reyndist hins vegar þrýðilega í þeim raunum.

Heyerdahl og áhöfn hans lögðu upp frá Safi í Marokkó, hinn 17. maí síðastliðinn, og tilgangurinn með ferðinni er að sanna að Egyptar hefðu getað farið slíkar ferðir á sams konar bátum fyrir 4000 árum. Þetta er önnur tilraunin sem Heyerdahl gerir til að sanna Ra þessa leið. Ra 1, reyndist ekki nægilega traustbyggður, og áhöfnin varð að yfirgefa hann tæpa þúsund kílómetra austur af Barbados í júlí í fyrra.



Ahti Karjalainen

april sl., en utanþingsstjórn hefur settið að völdum síðan þá.

Miðflokkurinn, flokkur Karjalainens, var síðastur framangreindra fimm flokka til þess að fella á aðild að samsteypustjórn mið- og vinstri flokkanna, en framkvæmdaráð flokksins samþykkti þetta með 80 atkv. gegn 42.

Þess er vænt, að 140 af 200 Framhald á bls. 31

Flóð í Grikklandi

Salonika, Grikklandi, 11. júlí AP

GEYSILEGAR rigningar hafa valdið miklum flóðum á Norður Grikklandi. Hundruð hafa slasast og misst heimili sín, og vítað er um tvo sem hafa druknað þriggja annarra er saknað. Herlið var sent til Salonika til hjálpar íbúunum, og í dag höfðu þeir flutt um 600 manns á öruggan stað. Þetta fólk bjó á aðal flóðasvæðinu, og hafði misst heimili sín.

Hermennirnir voru að í alla nótt. Þeir fóru á bátum um flóðasvæðið í leit að fólki, og Framhald á bls. 31

Útförin á fimmtudag

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi tilkynning frá ríkisstjórn Íslands.

„Útför forsætisráðherrahjónanna, frú Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmundarsonar, fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 16. júlí kl. 2.00.

Forsætisráðuneytið, 11. júlí 1970.“



Frá tólfta þingi Sjálfsbjargar, sem haldið var á Siglufirði nýlega

Yfir 1000 félagar í Sjálfsbjörg

Aðalfundurinn á Siglufirði

TÓLFTA þing Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra var haldið að Hótel Höfn, Siglufirði, dagana 13.—15. júní sl. og sá Sjálfsbjörg á Siglufirði um þinghaldið. Þingið sóttu 55 fulltrúar frá 11 félagsdeildum, en innan sambandsins eru nú 12 félög með samtals 1033 féлага. Fjöldmörg mál voru til umræðu á þinginu, ályktanir gerðar og tillögur samþykktar.

Við þingsetningu fluttu ávörp séra Kristján Róbertsson og formaður Sjálfsbjargar á Siglufirði, Eggert Theódórsson. Ennfremur skemmti kvemmakór Siglufjarðar með söng og Lúðrasveit Siglufjarðar með lúðrablaesti. Meðan á þingi stóð sátu þingfulltrúar boð bæjarstjórnar Siglufjarðar og karlakórinn Visir kom og söng fyrir hópinn. Einnig skemmtu tveir ungir Siglufirðingar.

Í stjórn Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra fyrir næsta ár voru kjörin:

Formaður: Theódór A. Jónsson, Reykjavík. Varaformaður: Sigurveinn D. Kristinsson, Reykjavík. Gjaldkeri: Eiríkur Einarsson, Reykjavík. Ritari: Ólöf Ríkhildsdóttir, Reykjavík. Meðstjórnendur eru: Heiðrún Steingrimsdóttir, Akureyri. Sigurður Guðmundsson, Reykjavík. Friðrik Ársæll Magnússon, Ytri-Njarðvík. Ingibjörg Magnúsdóttir, Ísafirði. Þórður Jóhannsson, Hveragerði. Eggert Theódórsson, Siglufirði. Karen Guðlaugsdóttir, Akranesi. Ingvaldur Benediktsson, Sauðárkróki. Jón Þór Buch, Húsvík og Stefán Jón Karlsson, Vestmannaeyjum. Hér fer á eftir úrdráttur úr tillögum og ályktunum þingsins:

ÖRORKULÍFEYRIR HÆKKAÐUR OG AÐSKILINN ELLILÍFEYRIR

Tryggingamál: 1. Örorkulífeyrir verði stór-

Veðrið í dag

VEÐURSTOFAN gerði í gær ráð fyrir litlum breytingum á veðrinu í dag frá því sem var í gær. Það er hægviðri austan til á landinu, en norðlæg átt — gola eða kaldi — vestan til. Gert er ráð fyrir súld í Húnaflóa, lítillsháttar rigningu á Vestfjörðum, skúr um á Suðurlandi, en yfirleitt skýjað en þurr annars staðar. Bezt veðrið verður sennilega fyrir austan fjall.

hækkaður frá því sem nú er og upp í það að viðkomandi aðili geti lifað af honum mannsemandi lífi.

2. Endurskoðið verði 13. grein almennatryggingalaganna og leggur þingið sérstaka áherslu á, að breytt verði tekjuviðmiðun greinarinnar.

3. Tryggður verði bótaréttur barna, sem eru svo fötluð að framferandi þarf miklu til að kosta vegna fötlunar þeirra.

4. Tekjumat á stórfum húsmæðra, með tilliti til réttar þeirra á sjúkradagpeningum, verði stórhækkað frá því, sem nú er.

5. Þingið skorar á Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytið, að gefa út handhægan bækling um skyldur og réttindi öryrkja.

6. Bótaupphæð fylgi vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma.

7. Unnið verði að því, að fötlunum húsmæðrum verði veittur styrkur til kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum.

8. Endurskoðið verði 26. grein tryggingalaganna, um gjaldskyldu lífeyrisþega.

9. Þinginu finnst eðlilegt, að síðari hluta annarrar málsgreinar, 50. greinar almennatryggingalaganna, verði breytt þannig: Í stað orðanna „þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar séu greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvist er um varanlega örorku“ komi, sjúkrasamlögum er skylt að greiða dagpeninga, ef lækningatilraunum er ekki lokið, og óvist er um varanlega örorku.

10. Elli- og örorkulífeyrir verði aðskilinn.

FÁI FULLTRÚA Á AÐALFUNDI ATVINNUREKENDA

Atvinnuráð:

1. 12. þing Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra, fagnar laga- setningu þeirri um verndaðar vinnustofur, sem samþykkt var á síðasta Alþingi og mælist til

Vina- hjálp

STJÓRN samtakanna „Vina- hjálp“ hefur beðið Morgunblaðið að geta þess að vegna frá- falls forsætisráðherrafrúar Sig- ríðar Björnsdóttur verði fundur felldur niður, sem halda átti í samtökunum n.k. mánudag 13. júlí.

verði felld niður að fullu að- flatningsgjöld af allt að 50 bif- reiðum, til þeirra öryrkja, sem ekki komast ferða sinna án far- artækis og fái þeir jafnframt endurveitingu á þriggja ára fresti.

3. Öryrkjar hafi frjálst val bif- reiðategunda.

4. Öll þau hjálpartæki, sem fatlaðir þurfa að nota í bif- reiðum sínum, verði greidd eins og önnur nauðsynleg hjálpar- tæki þeirra, þar með talin sjúlf- skipting, vökvastýri og aflihem- lar.

5. Tryggingastofnun ríkisins veiti vaxtalaus lán til bifreiða- kaupa og verði lánið veitt til allt að fimm ára.

6. Vegna þeirrar nauðsynjar fatlaðs fólks að eiga bifreið bein- ir þingið þeirri áskorun til skattayfirvalda, að rekstrarkostn- aður bifreiða þeirra verði frá- dráttarþær við álagningu tekju- útsvars og tekjuskatts. Ennfrem- ur verði afskriftir leyfðar til gjalda.

7. Rekstrarstyrkur vegna bif- reiða, verði veittur þeim öryrkj- um, sem litlar eða engar tekjur hafa.

Aðstoð við sérinnréttingu húsnæðis

Félagsmál:

1. Unnið verði að því, að öryrkj- ar njóti sérstakra lánakjara til húsbýgginga. Ennfremur verði veittir styrkir til sérinnréttinga vegna fatlaðra.

2. Lögð verði áhersla á að hafa samvinnu við arkitekta og aðra þá, sem við skipulagsmál og bygg- ingamál fást, um að tekið verði tillit til sérstöðu fatlaðra.

3. Landsími Íslands gefi tekju- lausu, fötlðu fólki eftir afnota- gjald af síma.

Ríkisútvarp — Útvarp og Sjón- varp — veiti sömu hlunnindi.

4. Bæjar- og sveitarfélög komi til móts við það fólk, sem ekki getur hagnýtt sér almenningsfar- artæki með því að semja við leigubílstjóra um flutning. Greiði bæjar- og sveitarfélög þann kostnað. Nánari reglugerð verði sett þar að lútandi.

þess, að félagsdeildir innan sam- takanna notfæri sér þessa heim- ið.

1. Þingið samþykkir áskorun til tolyfirvalda, um að allur toll ur af hráefni til vinnustofa fatla- aðra, verði felldur niður.

3. Félagseildir stuðli að bætt um atvinnumöguleikum öryrkja á hverjum stað, og feli stjórn Landsambandsins að kanna möguleika á að senda fulltrúa á aðalfundi atvinnurekenda, til þess að kynna atvinnuráð öryrkja og jafnframt benda á æskli- legar úrbætur.

AUKIN AÐSTÖÐ VIÐ BIFREIÐAKAUP

Bifreiðamál:

1. Á næsta ári verði úthlutað 400 bifreiðum til öryrkja og þar af verði endurveitingar eftir þörfum.

2. Af hinn árlægu úthlutun

FRÆKNIR KAPPAR



Hér birtast tvær svipmyndir frá seinni degi 5 landa keppinnar í frjálsum íþróttum, sem lauk á Laugardalsvelli 8. júlí. Til hægri er heimsmethafinn í spjótkastrí, Kinnunen frá Finn- landi að sleppa spjóttinu, en sem vænta mátti sigraði hann í greininni með miklum yfirburð- um. Þrátt fyrir að bezti stangarstökkvari Finna, Altti Alarotu seti heima, var finnskur sigur í stangarstökkinu gulltryggður. Á myndinni til vinstri vippar Pákkoranta sér léttilega yfir 5 m.

— Samúðar- kveðjur

Framhald af bls. 32

lands, ennfremur frá Kristían Djuurhus, lögmanni í Færeyjum. Frá framkvæmdastjórn

Sameinuðu þjóðanna, U Thant, Norður-Atlantshafsbandalagsins, Manlio Brosio, Evrópuráðsins, Toncic Sorinj, Framfara- og efnahagsstofnunarinnar, Emile van Lennep og frá settum fram kvæmdastjóra UNESCO, Mal- colm Adisheshiak.

Frá utanríkisráðherrum

Noregs, Danmerkur, Hollands, Luxembourg, Austurríkis, Belgí- u, Írlands, Svíþjóðar, Banda- ríkjanna.

Frá ambassadurum

Danmerkur, Svíþjóðar, Portú- gals, Belgíu, Hollands, Japans, Luxembourg, Mexikó.

Frá ræðismönnum Íslands í Antwerpen, Hamborg, Gen- ova, Helsingfors, Houston Texas, Buenos Aires, Strasbourg, Nicos- ia, Napoli, Winnipeg.

Frá sendiráði Íslands í Wash- ington og sendiherrahjónunum í Kaupmannahöfn.

Ennfremur hafa borizt kveðj- ur frá fjölmörgum erlendum og íslenskum aðilum, sem nánar verður greint frá síðar.

Einnig hafa sendiherrar og sendifulltrúa erlendrar ríkja í Reykjavík og margir starfsmenn sendiráðanna vottað samúð sína.

Brandt bjartsýnn

Bonn, 8. júlí, AP, NTB.

WILLY Brandt, kanslari Vest- ur-Þýskalands, sagði á fundi með fréttamönnum í dag, að hann væri því hlynntur að eiga fleiri fundi með Willi Stoph, forsætis- ráðherra Austur-Þýskalands, en þó því aðeins ef eitthvað kæmi fram í dagsljósið, er bent til þess að unnt væri að bæta sam- búð ríkjanna eftir raunhæfum leiðum.

Brandt sagði einnig að ágætur grundvöllur væri nú fyrir við- ræðum við Sovétríkin um griða- sáttmála og sagðist hann hafa þá trú að jákvæð niðurstaða feng- ist úr þeim fundum. Hann kvaðst sannfærður um að meirihluti vestur-þýzku þjóðarinnar væri því fylgjandi að bæta sambúðina við kommúnistaríkin.



Síða Bjarna Benediktssonar

Það er opinbert leyndarmál, að Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, skrifaði jafnaðarlega Reykjavíkurbréf í Morgunblaðið. Var það sá vettvangur, sem hann einna mest notaði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eftir að hann hvarf frá ritstjórn blaðsins. Tengsl Bjarna Benediktssonar við Morgunblaðið voru þannig mikil, bæði á þennan hátt og annan. Nú verða aðrir menn að rita Reykjavíkurbréf, og hætt er við að lesendum kunni stundum að finna þau lágreistari en áður var og síður forvitnileg, því að glöggur lesandi gat oft skilið meira af hugsunum valdamesta manns þjóðarinnar en beinlínis varð lesið út úr orðum hans. En Reykjavíkurbréf mun þó áfram birtast.

Sumum kann að finna sem hér ætti að rekja starfsferil hins látna forsætisráðherra og tíunda hin fjölmörgu verk hans. Betur mundi honum þó hafa lík að, að í þessum dálkum yrði leitast við að halda áfram þeirri baráttu, sem hann svo lengi háði.

Höfundur þessa Reykjavíkurbrefts lætur því nægja að vitna til orða sinna á héraðsmóti Sjálfstæðismanna á Siglufirði um síðustu helgi, en þau féllu eitthvað á þessa leið:

„Öllum er nú ljóst við hve mikla erfiðleika hefur verið að etja sl. 2—3 ár, og íslenska þjóðin gerir sér fulla grein fyrir því að meginþunginn hvíldi á herðum Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra. Þess vegna fögnuðu Sjálfstæðismenn sigri í sveitarstjórnarkosningunum, og þessa vegna er það sem Sjálfstæðisflokkurinn er nú sterkari og samhentari en hann lengstaf hefur verið. Þess vegna eru sigurhorfur hans líka miklar.

Við Sjálfstæðismenn erum stoltir af leiðtoga okkar.“


Á þessu sama héraðsmóti minntist Bjarni Benediktsson fallinna baráttumanna í Sjálfstæðisflokknum og brýndi fyrir mönnum að halda yrði áfram starfi þeirra, sem ekki entist aldur til að koma hugsjónamálum sínum nægilega langt áleiðis. Nú verða þessi orð hins horfna leiðtoga liðsmönnum hans hvatning til að leitast við að halda merkinu á lofti.

Ungir eiga að vita

Hér á síðunni er Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra kvaddur með nokkrum orðum úr einni af merkustu ræðum hans. Lýðveldisræðunni, sem hann flutti í júní 1943 á Þingvöllum, ræðu, sem ungir jafnt og aldnir eiga að þekkja. Hann sagði m.a., er hann hvatti menn ákaft til lýðveldisstofnunar:

„En um hvað á að tala við Dani? Hver eru þau ákvæði sambandslaganna, sem til mála geti komið, að verði látni halda gildi? Konungdæmið? Íslendingar

urðu að taka konungsvaldið inn í landið á hættunnar stund. Ekki vegna eigin óska, heldur til þess neyddir af ofurþunga atburðanna. Síðan hafa liðið yfir landið hættusamari tímar en nokkru sinni fyrr. Við kvóddum til okkar eigin þjóðhöfðingja, búsettan í landinu sjálfu, til að hjálpa til að ráða fram úr vandanum. Kemur nokkru til hugar, að Íslendingar reki hann af höndum sér og semji um að fela erlendum manni í fjarlægum landi aftur æðsta vald í málefnum ríkisins? Utanríkismálin? Er þeir margir Íslendingarnir, sem vilja á ný fela Dönum meðferð utanríkismálanna, eftir að við urðum óviðbúinir að taka þau að öllu í okkar hendur í miðju ölduróti styrjaldarinnar?



Reykjavíkurbréf

Laugardagur 11. júlí

Landhelgisgæzlan? Dreymir nokkurn Íslending um það, að danski fáninn sjáist framur við hún á þeim skipum, sem eiga að gæta íslenskrar landhelgi?

Gagnkvæmur ríkisborgararéttur? Fullvíst er, að Íslendingar semja ekki framur um það, að þrjátíu sinnum mannfleiri þjóð hafi sama afnotarétt af landinu og Íslendingar sjálfir. Hitt höfum við alltaf talið sjálf-sagt, og það leggur stjórnarskrárnefndin til, að Danir, sem hér dveljast nú þegar, haldi að öllu jafnrétti við Íslendinga. Og dettur nokkrum í hug, að Danir fari ekki á sama veg með Íslendinga þá, sem nú dveljast í Danmörku? Áreiðanlega ekki þeim, sem mest tala um norrænar sambúðarvenjur. Hvað er fjarlægara norrænum drengskap en að hugsa sér, að Íslendingar í Danmörku væru látnir gjalda þess, að Íslendingar á Íslandi vildu, að land þeirra yrði sjálfstætt? Slikum fjarstæðum er ekki eyðandi að orðum.

En þá er upp talið það efni sambandslaganna, sem hugsanlegt væri að tala um eða semja, þegar frá er talið fyrirmælið um ævarandi hlutleysi Íslands, sem áður er á drepið og Dani varðar engu. Hvert af þessum ákvæðum kemur til mála, að Íslendingar endurnýi í nokkurri mynd? Og ef menn eru sammála um, að það sé ekkert, um hvað á þá að tala?

Jú, segja undanhaldsmennirnir, að visu getum við ekki tilgreint neitt ákveðið atriði, sem við þurfum að semja eða tala um við Dani, en norrænum sambúðarvenjum verðum við að fylgja.

En á hverju hvílir hin norræna samvinna? Á gagnkvæmri virðingu fyrir frelsi, lýðræði og

menningu hvorrar einstakrar Norðurlandabjóðar.

Er þessi grundvöllur rofinn með því, að Íslendingar með alþjóðaratkvæði treysti menningu sína með stofnun alfrjáls lýðveldis? Nei, þvert á móti. Samvinna er gerð haldbetri en nokkru sinni fyrr, hornsteinar hennar fleiri og öruggari en áður.“

Miðar á leið

Þeir, sem starfa síns vegna fylgjast með framvindu stjórn mála, bæði stjórn mála og umræðum, og eins því sem fram fer bak við tjöldin, án þess að bera ábyrgð á stjórnarstörfum, ættu að hafa samlega góða aðstöðu til að meta rétt framvindu þjóðmálanna. Og þegar sama ríkisstjórnin hefur setið í einn áratug, ætti að vera unnt að gera sér grein fyrir meginþáttum í störfum hennar og meta af réttýni, hvort þjóðinni hafi miðað nokkuð á leið. Auðvitað getur engin ríkisstjórn haldið þannig á málum, að öllum líki alltaf allt, sem hún gerir eða lætur ógert. Lýðræðislegir stjórnarhættir byggja á málamiðlun; þar takast á ólíkar skoðanir frjálsra einstaklinga, og þegar tveir flokkar eða fleiri eiga aðild að stjórn, þarf stundum að jafna árekstra milli ólíkra grundvallarsjónarmiða.

Allir hljóta því einhvern tíma að hafa verið óánægðir með sitt-hvað í störfum núverandi ríkisstjórnar, og hún hefur verið gagnrýnd — og þeir sem sæti hafa átt í henni — eins og vera ber í lýðfrjálsu þjóðfélagi. En ánægjulegt er, að sú gagnrýni hefur nú síðari árin verið bor-

in fram af meiri menningarbrag en áður var, enda sá ofstopið dvínað, sem um of einkenndi íslenskt stjórnsmál.

Það er spá Morgunblaðsins, að þegar störf þessarar stjórnar verða metin síðar meir, og persónulegar erjur og flokkadrættir skyggja ekki á réttýni í því efni, þá muni þessi ríkisstjórn verða talin hafa verið góð stjórn. Ber þar margt til, einkum þó eitt, sem nú verður að vikið.

Ummæli Eðvarðs

Í útvarpsþætti fyrir skömmu var Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, að því spurður, hvort hann teldi það ekki alvarlegt ástand, er atvinnulíf lamast vegna vinnustöðvana. Eðvarð svaraði eitthvað á þá leið, að ólíku væri saman að jafna, löglegum verkföllum, sem hér yrðu öðru hverju til að knýja fram kjarabætur, og öllum þeim óróa, uppötum og vandræðum, sem erlendar þjóðir ættu við að búa.

Þessi ummæli eins af forustumönnum verkalýðshreyfingar eru hin athyglisverðustu, því að sannleikurinn er sá, að þó að ýmislegt hafi auðvitað farið ver hér en skyldi, þá er hitt staðreynd, að lýðræðisþroski Íslendinga er meiri nú en áður var og öll þjóðfélagsátök einkennast af meira umburðarlyndi en menn áttu fyrrum að venjast.

Stundum er því haldið fram, að ríkisvald sé allt of veikt á Íslandi og það þurfi mjög að styrkja. Sumir segja að stranga vinnulöggjöf þurfi til að

hindra verkföll, en aðrir benda á að aukið miðstjórnarvald þurfi á sviði peningamála til að hindra verðbólgu o.s.frv. o.s.frv.

Auðvitað er von, að mönnum gremjist, þegar ætt er út í pólitísk verkföll, eins og átti sér stað í vor. En halda menn í raun og veru, að heppilegra hefði verið að hafa þá eitthvert ógnarsterkt ríkisvald hér og vinnulöggjöf, sem sett hefði verið í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfingu? Hefði átt að beita af hörku slíku ríkisvaldi og slíkri löggjöf? Það er meira en dregið í efa

Lýðræði og vald

Einkenni lýðræðisins er dreifing valdsins. Einkenni einræðisins er samþjöppun valdsins. Í öllum lýðræðisþjóðfélögum eru launþegasamtök öflugt valdatæki, og þau beita tíðum valdi sínu, stundum til góðs og stundum til ills. En hér er um að ræða löglega valdþingingu, og þetta vald verður ekki skert nema með allgöðu samkomulagi, a.m.k. við verulegan hluta launþegasamtakanna.

Þess vegna var það út í bláinn að ásaka ríkisstjórnina fyrir það að skerast ekki í leikinn í vinnudeilunum. Þær voru ekki orðnar þess eðlis, að það væri skylda ríkisins að hafa bein afskipti af þeim, og almenningsálit hefði ekki verið nægilega öflugt í stuðningi við slíkar aðgerðir.

Þess vegna er það líka rétt stefna af ríkisstjórnarinnar hálfu, að leita samstarfs við launþegasamtök og vinnuveitendur um leiðir til þess að draga úr átökum á vinnumarkaði og leitast við að stemma stigu við verðlagshækkunum, sem draga mundu mjög úr kjarabótum og leiða til erfiðleikaástands vegna verðbólguþróunar.

Stjórnarandstæðingar hafa lengi klifað á því, að ríkisstjórnin væri veik stjórn, jafnvel þreytt eða uppgefin, og rökstutt þessar skoðanir sínar með því, að stjórnin léti margt afskiptalaust og tæki ekki nægilegt frumkvæði á þessu sviðinu eða hinu.

Frá sjónarmiði ofstjórnarmanna er þessi skoðun skiljanleg. Vinstri menn telja, að ríkisvald eigi að halda öllum þröðum í sinni hendi, þar eigi hvorki einstaklingar né samtök að hafa frjálsræði til áhrifa eða valda. Þess vegna hljóti sérhver sú stjórn að vera veik, sem ekki sitji yfir hlut hvers og eins

Mesti árangurinn

Þrátt fyrir erfiðleika síðustu tveggja til þriggja ára, hefur gífurlegur árangur náðst á öllum sviðum þjóðlífsins á tíma þeirrar ríkisstjórnar, sem nú hefur setið í einn áratug. Er óþarft að tíunda allar framfarirnar í atvinnumálum og menntamálum, eða á sviði opinberra framkvæmda. En hvað sem öllum þessum framförum líður, þá er hitt víst, að mesti árangurinn er í því fölginn, að á 7. áratugnum tókst að efla mjög og styrkja lýðræðishætti hér á landi. Landsmenn allir — að undanskilinni örlitilli kliku ofsatrúarkommúnista — vita, að lýðræðið stendur nú traustari fótum en áður, þjóðmálumræður eru með allt öðrum og menningarlegri hætti en fyrrum tíðkaðist, og öll samskipti einstaklinga og valdastofnana í þjóðfélaginu einkennast af auknu umburðarlyndi. Þetta hefur gerzt hér á landi á sama tíma sem segja má, að lýðræðið hafi í raun réttir verið á undanhaldi í grónum lýðræðisríkjum, því að uppbot, óeirðir og skriftslæti hafa farið vaxandi víða um heim síðasta áratuginn.

Sú ríkisstjórn hefur ekki verið veik, sem ábyrgð ber á þessari þróun. Orstír þeirra miklu foringja, sem hana hafa leitt, deyr aldrei.

SUNNUDAGUR 12. JÚLÍ 1970

Fjöldi í Skógarhólum

FJÖLDA fólks dreif að Landsmóti hestamanna í Skógarhólum í gær morgun og var þá komið ágætt veður á mótssvæðinu. Setti Albert Jóhannsson formaður Landssambands hestamanna mótið klukkan 2 síðdegis. Samkvæmt upplýsingum Agnars Guðnasonar framkvæmdastjóra landsmótsins voru á hádegi í gær röskegla 3000 manns á staðnum. Agnar sagði að óveðrið hefði gert þeim ljótan grikk, en úr öllu hefði nú rættzt, fólk og hross væru búin að jafna sig og myndi mótið fara fram eins og fyrirhugað var.

Klukkan 9 í gærmorgun var sölusýning hrossa, þar sem sýnd voru tæplega 100 hross og að sýningunni lokinni var settur upp kassi, þar sem menn gátu sett tilboð í hross, sem þeir höfðu áhuga á að kaupa. Að því loknu var sýndur kynbótahesturinn Hörður frá Kolkuósi með 20 afkvæmum. Einnig fór fram keppni góðhesta fyrir Evrópukeppni íslenskra hesta í Þýskalandi.

Því næst voru sýnd kynbótahross, röskegla 70 hryssur og um 50 stóðhestar með og án afkvæma. Að kynbótasýningunni lokinni voru sýndir alhlíða gæðingar og klárhestar með tólti, um 100 hestar í hvorum hópi. Síðlegis áttu að fara fram


milliriðlar í kappreiðum og 1500 metra brokkkeppni. Er þetta í fyrsta skipti, sem brokk er keppnisgrein á landsmóti og voru 12 hross skráð í hana.

Í gærkvöldi var ráðgerð kvöldvaka í Skógarhólum og jafnframt áttu að vera dansleikir að Borg í Grímsnesi og Aratungu. Í dag verða m.a. úrslit í kappreiðum og verðlaun afhent í öllum flokkum. — Mótinu slitur Sveinbjörn Dagfínnsson, sem er formaður framkvæmdanefndar landsmótsins.

Forsætisráðherra-hjónanna

minnt í kirkjum landsins

BISKUP Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, hefur beint þeim tilmælum til presta, að þeir minnst forsætisráðherrahjónanna og ástvina þeirra við guðsþjónustur í kirkjum landsins í dag.



Andrés Þór Bridde og Karl Heiðarsson úr skátafélaginu Skjöldungum selja fótur með fræi uppi við Úlfarsá. Ljóm. Mbl. Kr. Ben.

Skátar við fræsölu

SKÁTARNIR hafa lýst yfir stuðningi sínum við landgræðsluherferð Landverndar, en þeir létu ekki sitja við orðin tóm, heldur drifu sig út með fótur og seldu vegfarendum við veginn út úr borginni í gær. Annar hópurinn hélt sig við Geitháls en hinn við Úlfarsá. Við litum til þeirra við Úlfarsá í gær og spurðum þá um fótturnar.

„Þetta eru ágætis fótur úr plasti og sneisafullar af grasfræi, sem á að nægja á 50 fermetra lands. Það er einmitt tilvalið fyrir ferðalanga að taka eina eða fleiri fótur með

sér í ferðalagið. Ef þeir koma svo að moldarlagi einhvers staðar við alfaraleið er hægt að sá þessu fræi í lagið, og þegar þeir koma á þessar sömu slóðir síðar, geta þeir glaðst yfir græna blettinum sínum“.

Hvað kostar hver fata?
„125 krónur, og allur ágóðinn rennur til Landverndar, sem eru samtök ýmissa aðila, félaga og einstaklinga, um náttúruvernd og landgræðslu.“

Og hvernig gengur salan?
„Svona sæmilega. Við komum hingað kl. tíu í morgun,

og fyrsta klukkutímann seldust tólf fótur. En það á án efa eftir að verða meiri sala hér í dag, þegar aðalumerfðin byrjar.“

Og þegar við fórum virtist sem spá þeirra væri að rætast. Bilarnir staðnæmdust einn af öðrum og all flestir keyptu fótur.

Við viljum hvetja fólk til að ljá þessu máli stuðning sinn með því að kaupa fótur. Annað hvort hjá skátunum eða á bensinstöðvum víða um land.

Elds-upptök ókunn

ENN er ekki vitað hvað olli eldsvoðanum í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum. Rannsókn er þó enn haldið áfram, en yfirstjórn hennar er í höndum Páls Hallgrímssonar, sýslumanns í Arnessýslu. Nýtur hann aðstoðar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.

Tollvörugueymslan á Akureyri tekin í notkun

Eigendur eru um 90 – Allar sérgueymslur þegar leigðar

Akureyri, 11. júní.
ALMENNA tollvörugueymslan h.f. á Akureyri tók formlega til starfa í gær, en fyrstu vörurnar voru fluttar þangað inn 7. júlí. Húsið er úr steinsteypu og mjög vandað í allri gerð — 1000 fermetrar að flatarmáli auk 150

fermetra áföstu skrifstofuhúsnæði.

fermetra áföstu skrifstofuhúsnæði.

Allar sérgueymslur hafa þegar verið leigðar, en nokkurt rými er enn óleigt í almenningsgueymslum. Reynt verður að fjölga sérgueymslum, þar sem eftirspurn eftir þeim hefur verið meiri en unnt hefur verið að sinna.

Tollvörugueymslunni fylgir 3 þúsund fermetra geymslusvæði úti, og á að girða það með 3ja metra hárrí girðingu sem verð-

ur tilbúin um næstu mánaðamót.

Undanfarna daga hafa verið hér til ráðuneytis þeir Jón Mýrdal frá tollgæzlunni í Reykjavík og Helgi Hjálmsón, framkvæmdastjóri Tollvörugueymslunnar í Reykjavík. Öll samvinna við bæjarfógetaembættið á Akureyri um undirbúning starfseminnar hefur verið með ágætum, að sögn framkvæmdastjóra Almennu tollvörugueymslunnar, Friðriks Þorvaldssonar.

Eigendur hinnar nýju tollvörugueymslu eru um 90, flestir á Akureyri, einstaklingar og fyrirtæki, en stærsti hluthafinn er Eimskipafélag Íslands h.f. Formaður félagsstjórnarinnar er Valdimar Baldvinsson, stórkaupmaður, Akureyri.

Samúðarkveðjur

— berast víða að

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi fréttatilkynning frá skrifstofu forseta Íslands og ríkisstjórninni:

„Í tilefni af andláti dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frá Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra Benedikts Vilmundarsonar hafa eftirtaldir aðilar sent forseta Íslands, ríkisstjórninni og börnum þeirra samúðarkveðjur:

Frederik IX., konungur Danmerkur
Olaf V., konungur Noregs
Gustav VI Adolf, konungur Svíþjóðar

Urho Kekkonen, forseti Finnlands


Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna

Eamonn de Valera, forseti Írlands

Elizabeth, drottning Bretlands
Baudouin, konungur Belgíu
Hans Peter Tschudi, forseti Sviss.

Frá forsætisráðherrum

Finnlands, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Ungverjalands, Luxembourg, frá kanslara Þýzka
Framhald á bls. 2



Stöðugt er unnið af fullum krafti við húsnæði íslensks markaðar á Keflavíkurflugvelli, en verzlunin áætlað að taka til starfa um næstu mánaðamót. — Á myndinni sést álman sem íslenskur markaður fær undir starfsemi sína, en það er rúmgott og bjart húsnæði. — Ljóm. Mbl. áj.

Lesbók Morgunblaðsins

31. tbl. 9. ágúst 1970, 45. árg.

Matthías Johannessen

Í GESTA GRÍÐUM

Nokkur orð um Grím Thomsen í minningarskyni



Í einu síðasta Reykjavíkurbréfi sem Bjarni Benediktsson skrifaði í Morgunblaðið, segir hann m.a.:

„Eins og á stóð var skiljanlegt, að litill þjóðhátíðarbragur væri yfir Reykjavík hinn 17. júní að þessu sinni. Svo var einnig yfir dagblöðunum, þar á meðal Morgunblaðinu. E.t.v. skýrist þetta af því, að menn verði þreyttir á því að segja ætíð hið sama og óttist að ofmetta lesendur á stöðugum frásögnum af því, sem áður gerðist og varð tilefni þess, að þjóðhátíð er haldin. Hugsá menn svo, þá er því gleymt, að ætíð bæstast nýir í hópinn og að gamla atburði verður að skoða í ljósi líðandi tíma. Sennilega hefur það verið tilviljun, að Morgunblaðið skyldi hinn 17. júní birta mynd af Grími Thomsen, en ekki Jóni Sigurðs syni. Gríms var ekki minnst þegar hann átti 150 ára afmæli, fyrir rúmum mánuði, þ.e. hinn 15. maí s.l. Grímur var þó eitt bezta og rammislenzkasta skáld, ekki einungis á síðustu öld, heldur um allar aldir Íslandsbyggðar. Enn hafa honum engan veginn verið gerð þau skil, er honum ber. Haft hefur verið á orði, að ýmsir mætir menn hafi verið að safna drögum að ævisögu hans. En ekkert hefur orðið úr því, að sú saga birtist. Sannarlega væri þó fróðlegt að fá úr því skorið, hvort Grímur hafi komið til jafn mikilla valda í Danmörku og sumir hafa haldið fram. Um þetta hljóta að vera til öruggar heimildir. Ef ekki, þá er um að ræða ýkjur í hugmyndum manna hér, ýkjur sem þarf að leiðrétta. En 17. júní er hollt að minnast þess að þeir Jón Sigurðsson og Grímur Thomsen þóttu lengi vera litlir vinir. Á æskuárum sínum var Grímur þó um hríð viðriðinn útgáfu Nýrra félagsrita undir forystu Jóns. Síðar beindist hugur hans að öðru. Eftir að hann settist hér að var hann talinn í hópi and-

stæðinga Jóns. Þess vegna var það, að þegar Grímur kom í jarðarför Jóns á gráum frakka, kvað Matthías Jóhannsson.

Grímur fylgdi á gráum kuffi gamla Jóni hreysiköttur konungsljóni.

Á þessum árum var Grímur talinn dansklundaður og þar með litill Íslendingur. Nú á dögum kemur engum til hugar að segja slíkt. Stjórnmalaskoðanir Jóns Sigurðssonar og Gríms Thomsen voru vafalaust harla ólíkar. Jón Sigurðsson hafði óendanlega meiri þýðingu fyrir frelsi Íslands og var miklu betur að sér í sögu þjóðarinnar. Grímur var hins vegar betur menntaður á alþjóðlega vísu og miklu víðfyrurli.


Báðir voru dæmi þess, hvernig gerólikir menn geta verið jafngóðir Íslendingar og lifað þannig, að aðrir mega vera stoltir af að teljast til sömu þjóðar.“

(21. júní s.l.)

Ekki er þó ætlun mín með þeim drögum sem hér fara á eftir að gera neina viðhlítandi bragarbót, enda er ævisögu Gríms Thomsens betur borgið í traustari höndum. Andrés Björnsson hefur í sínum stopulu frístundum unnið að heimildakönnun á ævi Gríms og störfum, enda handgenginn hvoru tveggja af löngum kynni um eins og fram hefur komið. En ævi Gríms er viðburðaríkari en svo að henni verði gerð skil án mikilla rannsókna.

Vart er unnt að skilja eða túlka sum merktustu ljóða Gríms Thomsens án þess að vita nokkur deili á ævistarfi hans, og á það ekki sízt við um söguljóð eins og Á Glæsvöllum. Ég hef áður ritað grein arkorn um það efni, en tel nú ástæðu til að bæta þar nokkuð um, í minningarskyni við Bjarna Benediktsson, sem framar öðrum á okkar dögum lifði þannig „að aðrir mega

Í GESTA GRÍÐUM



vera stoltir af að teljast til sömu þjóðar“ og hann.

x x x

Grimur Thomsen fæddist á Bessastöðum 15. maí 1820. For-eldrar hans voru Þorgrímur gullsmiður Tómasson og kona hans, Ingibjörg Jónsdóttir.

Grimur varð stúdent seytján ára gamall og sigldi til Kaupmannaahafnar til frekara náms. Lagði hann þar einkum stund á bókmenntir og heimspeki og varð magíster árið 1845, en 10. maí 1854 var sú nafnbót hækk- uð í dr. phil. með konungsr- skurði. Hann var víðförlur eins og Bjarni Benediktsson segir og ferðaðist suður um lönd með konungsstyrk að loknu prófi. Sumar ferðalýsingar hans í bréfum eru mjög ítarlegar og sýna óslökkvandi áhuga hans á rötgróinni klassískri menningu Evrópu. Þar er á ferð eins konar 19. aldar útgáfa af Álfri frá Vindhæli.

Hinn 5. ágúst 1848 varð Grimur kanzellisti í utanríkis- málaráðuneyti Dana og sendi- sveitarritari í öðrum löndum um hríð. Snemma árs 1856 varð hann fulltrúi í verzlunardeild utanríkismálaráðuneytisins, en skrifstofustjóri þess 27. desem- ber 1859. Því embætti sagði hann lausu 28. marz 1866 og fluttist alfarinn heim til Ís- lands næsta ár; var síðan þing- maður lengst af frá 1869—1891. — Hann lézt á Bessastöðum 27. nóvember árið 1896, 76 ára að aldri.

Um það verður varla deilt, að Grimur Thomsen var eitt bezta og sérkennilegasta skáld íslenskt á síðustu öld. Rætur hans stóðu djúpt í íslenskri hefð, en nærðust jafnframt í nýj um jarðvegi rómantísku stefnunnar. Grimur orti lítið framan af og sendi ekki frá sér ljóðabók, fyrr en raunsæis- stefnan var ríkjandi á Norður- löndum og var að eignast ítök hér á landi. Ljóð Gríms voru

því sízt af öllu tizkufyrirbrigði.

Mörg beztu kvæða Gríms bera merki eins höfuðeinkenn- is rómantísku stefnunnar, forn aldarýrkunarinnar. Þó að Jón Sigurðsson hafi verið betur að sér í sögu Íslands en Grimur, stendur enginn honum á sporði í þekkingu á fornþómenntum okkar og skilningi á þeim. Hann sækir efniviðinn í kvæði sín mjög oft til fornaldarinnar. Hún verður honum upp- spretta. Með henni skyggir hann samtíð sína og líf. Hann yrkir söguljóð sín út af forn- íslenskum sögum, en spinnur jafnframt úr þeim sjálfstæð listaverk, meitluð af mikilli lífsreynslu og sérkennilegum stíl. Um fá íslensk skáld á það fremur við að stillinn sé mað- urinn. Eitt þessara listaverka er kvæðið Á Glæsivöllum. Á nokkurs skilnings á því er von laust að komast að lífskviku Gríms Thomsens. Þar er hann — ekki allur, því að enginn er allur í ljóði sínu — heldur sá Grimur sem er hvað forvitni- legastur: skáldið undir skel kaldranalegra hversdagsátaka, sem ýmist eru kölluð baktjalda mákk eða hugsjóna. Skáldið með al stjórnmálamaða.

x x x

Söguefnið, sem Grimur notar í þetta kvæði sitt, er að finna í Þorsteins þætti bæjarmagns. Þátturinn hefur að geyma æv- intýraefni, arfsögn um galdra og fjölkynngi og viðskipti mannskra manna við heiðna jötna og risa. Minnir þátturinn til dæmis mjög á för Þórs til Geirróðargarða (sbr. Snorra- Edda), og eru áhrifin frá þeirri sögu svo glögg, að skyldleik- ans verður alls staðar vart, þegar þessi tvö ævintýri eru borin saman.

P. E. Müller minnst á þetta í bók sinni, Sagabibliothek, og segir, að í sögunni séu gömul minni, er skáldin hafi fært sér í nyt sem yrkisefni, og enn fremur segir hann: „Skáldin

höfðu lofsungið för Þórs til Geirróðargarða og sigur hans á jötnum, hér er sigurinn eign- aður krafti kristindómsins og Ólafs konungs, sem hjálpaði Þorsteini með undarlegu sam- bandi við galdra dverganna.“ — Benedikt Gröndal minnst einnig á þennan skyldleika í Gefn 1871, og segir: „Hlutföll goðaheimsins og goðin sjálf og allt það undralíf eru eintómar speiglanir hvað af öðru: Allt er jötunnugt og áskunnugt í senn og allt goðalífið eins og leikur á hverfulu speigilhvelli: Útgarða-Loki, sem Þórr kom til, og Goðmundur á Glæsivöllum, sem Þorsteinn bæjar- magn kom til, eru ekkert ann- að en afspeiglanir eða skugga- myndir Óðins sem kunnáttu- guðs og sólarguðs, eða slíks; og Þorsteinn bæjarmagn er sjálf- ur eftirmynd Þórs að nokkru leyti.“

Enn fremur má geta þess hér, að fyrirmyndin að horn- inu Grími enum góða, sem fyrir kemur í sögunni, er vafalítið Mimishöfuð. Í Þorsteins þætti, segir svo: „Goðmundr gekk at Grími, ok tók af sér gullkór- ónu ok setti á hann, ok mælti í eyra honum, sem Þorsteinn hafði sagt honum.“

En í Völuspá, segir hins veg- ar:

hátt blæss Heimdallr,
horn er á lopti;
mællir Óðinn
við Mimis höfuð.

(Sbr. einnig Sigurdrífumál).

x x x

Þorsteins þáttur bæjarmagns hefur oft verið prentaður. Helztu útgáfur hans eru:

1. Björners Nord, Kämpdater, útg. 1737. (Er þar bæði latn esk og sænsk þýðing auk hins íslenska frumtexta). —
2. P. E. Müller: Sagabiblio- thek, 3. bindi, útg. 1820. (Þar er útdráttur úr sögunni á dönsku). —

3. Fornmanna sögur, 3. bindi, 1827.

4. C. C. Rafn, Oldnordiske Sagaer, 3. bindi, útg. 1827 (dönsk þýðing á sögunni). —

5. Scripta historica Islandor- um, 3. bindi, 1829 (latnesk þýðing). —

6. C. Rusqworm, Zschr. f. deut. Mytol., 1. bindi, 1853 (þýzk þýðing). —

Þátturinn hefur birt oft á prenti, en þær útgáfur hans eru yngri en svo, að Grimur hefði getað þekkt þær, þegar hann orti kvæðið 1865.

Fornmanna sögurnar hefur Grimur vafalaust lesið þegar á unga aldri, því að Þorgrímur, faðir hans, var áskrifandi að þeim, eins og sést á áskrifenda lista þeirra, svo að auðvelt hef ur verið fyrir Grím að komast yfir þær þegar í æsku. Einnig þýddi hann úr þeim valda kafla á dönsku og gaf út í bók sinni, **Udvalgte Sagastykker**, sem kom út 1846 og 1854. Og síðast, en ekki sízt, þýddi hann XII bindi Fornmanna sagnanna á latínu. Af þessu má ætla, að Grimur hafa ekki aðeins þekkt Fornmanna sögurnar, heldur þaullesið þær á unga aldri.

Í Fornmanna sögunum, segir: „Kvomu þeir nú til borgarinn- ar, ok kvomu menn Goðmund- ar í móti honum; riðu þeir nú í borgina, mátti þar nú heyra alsháttar hljóðfæri, en ekki þótti Þorsteini af setning sleg- it.“ — Í Björners Nord, Kämp- dater segir hins vegar, 11.—12. bls.: „Koma þeir nu til borgar- innar, enn adur þeir innridu, geingu menn a moti þeim God- mundi, þeir sem undann hofdu ridid. Ridu þa aller saman heim til borgarinnar, matti þar heyra marghattud hljodfæri, enn þo þotti Þorsteirn ecki neitt af konst og setningi sleg- id vera.“ — Munurinn er auð- sær.

Þorsteins þáttur bæjarmagns,

skarar engan veginn fram úr öðrum fornsögum, hvorki að stíl né efni. Ólíklegt er, að Grimur hafi hrifist af honum þess vegna, enda tekur hann engan kafla úr honum upp í bók sína, Udvalgte Sagastykk- er, sem var úrval úr fornsög- um í þýðingum Gríms. Má telja líklegt, að Grimur hafi ætlað þessum köflum það hlutverk að vera sýnishorn í forn- lenzkri bókmenntasögu sem hann hafði í smiðum. Í bréfi frá Grími til væntanlegra útgef- enda lýsir hann gerð bókar- innar og helztu köflum. Bók þessi kom þó aldrei út, en nokkur bókmenntasögubrot birti Grimur í öðrum ritum, s.s. árbók Uppsalaháskóla. Í einni ritgerðinni er athýglisverður samanburður á hlutverki kon- unnar í forngrískum og forníslenskum bókmenntum og áherzla lögð á virðuleik henn- ar í íslenskum ritum. Grimur hefur ekki heillast af Þorsteins þætti bæjarmagns listarinnar vegna, heldur efnisins. Hann get ur notað það, gert það að um- gjörð eigin lífs. Annað vakir ekki heldur fyrir honum. „Í Tókastúfi, en einkum Goð- mundi á Glæsivöllum, hefir hann í gervi fornra sagna lýst lífi sínu meðal stjórnmálamaða og hinu kalda návígi í sölum höfðingjanna.“ segir Sigurður Nordal.

Í fyrstu fjórum köflum sög- unnar segir aðallega frá Þor- steini bæjarmagn, er var hirð- maður Ólafs konungs Tryggva- sonar, ferðum hans og ýmsum yfirnáttúrlegum atburðum. Í fimmta kapitula segir frá því, er Þorsteinn hittir Goðmund á Glæsivöllum, sem er á leið til Geirróðargarða til þess að taka konungsnafn af Geirróði kon- ungi, en Goðmundur er honum skattskyldur. Þar segir og frá komu þeirra til Geirróðargarða og móttökum þar. Í næstu köfl- um segir svo frá veizlum þeim og mannfagnaði, er Goðmund-

ur og kappar hans sitja í Geir-
röðargörðum. Gengur þar á
ýmsu, hnútkasti, knattkasti,
glímum og drykkjum, og hall-
ast oft á Goðmund og hans
menn, en Þorsteinn bæjarmagn
kemur þeim ætíð til hjálpar á
síðustu stundu og hefur þá oft
ýmiss konar brögð í tafla, enda
ekki vanþörf á til að mæta
fjölkynngi í höll Geirröðar.
Jafnvel drykkjarhornið Grím-
ur hinn góði, sem ýmist var
hlajandi eða óhýrlegur eftir
atvikum er tákn þess forynju-
skapar sem þar ríkti: „—manns
höfuð er á stiklinum með holdi
of manni, ok þat mælr vit
menn, ok segir fyrir óórðna
hluti . . .“ Í tíunda kafla segir
frá því, er Þorsteinn bæjar-
magn drepur Geirröð konung
og Goðmundur og kappar hans
sleppa naumlega burt. Og í nið-
urlagi sögunnar segir loks frá
brúðfangi Þorsteins og stað-
festu. Af þessu má sjá að lýs-
ing kvæðisins á við um hirð
Geirröðar jötuns, en ekki Goð-
mundar kóngs. Grími hefur
þótt fara betur á því, þrátt
fyrir allt, að lýsa lífi sínu í
Höfn innan um fólk, en ekki
jötna. Misminni kemur vart til
greina, svo greiðan aðgang sem
Grímur átti að söguheimild
sinni, þegar hann yrkir kvæðið.

x x x

Auðvelt er að finna líkingu
og skyldleika milli lýsingar
Gríms á Goðmundi kóngi og
ýmsum þeim stórmönnum, sem
hann lýsir í öðrum sögukvæð-
um sínum. Setningin: „fránar
eru sjónir“ á sér t.a.m. ýmsar
hlíðstæður í öðrum sögukvæð-
um Gríms, þar sem hann lýsir
bæði óskyldum og ólíkum sögu-

persónum. Í 31. erindi Rímna af
Búa Andriðssyni og Friði
Dofradóttur lýsir hann Dofra
meðal annars með þessum orð-
um:

„Í hásetinu hrafns af tinnu
hár af elli Dofri situr,
þó er hann bæði stór og
stinnur,
stórmannlegur, augnabítur, —“

Í Tókastúfi lætur hann Tóka
lýsa Hrólfi konungi á þessa
leið:

„Ei var Hrólfr hár á stokki,
en hár á svip og augnasnar, —“

Og Hálfur konungi lætur hann
Tóka lýsa þannig í sama kvæði:

„Í öndvegi ég konung kenni,
karlmannleg og snörp var
brún, —“

Grímur vissi af langri
reynslu að eitt augnatillit gat
ráðið örlögum manna í kaldri
keppni um metorð og völd.
Augun töluðu fyrir þann innri
mann sem leyndist bak við
hversdagslegt gervi. Úr þeim
mátti lesa það sem ósagt var
látið.

x x x

Fleiri líkingar má finna með
Goðmundi kóngi og öðrum per-
sónum, sem fyrir koma í sögu-
kvæðum Gríms. En Goðmundur
kóngur er með bezta gerðu per-
sónum frá Gríms hendi, sem til
eru, og um leið ein bezta, skýr-
asta og stórfenglegasta mann-
lýsing, sem skáldið hefur dreg-
ið upp í ljóðum sínum. Þor-
steinn Gíslason vitnar til lýs-

ingar Gríms á Goðmundi á
Glæsivöllum, þegar hann ber
saman mannlýsingar hans og
Bjarna Thorarensens í ritdómi
um kvæði hans í Eimreiðinni
1896, og segir þar m.a.: „En
það skortir Bjarna á við Grím,
að hann lýsir ekki útliti mann-
anna, en það er opt talandi
ljóst hjá Grími, svo sem kulda-
brosið á vöngum Goðmundar
kóngs á Glæsivöllum.“

Af þessum dæmum má sjá, að
skyldleikinn leynir sér ekki,
þótt notuð séu mismunandi orð
til þess að lýsa sama einkenn-
inu.

Einkum er aðferð skáldsins,
stefna og markmið með líku
sniði í Tókastúfi og Á Glæsi-
völlum. Þar heldur á þenna
skáld sem hefur „spilað við
kónginn“, þekkir andrúmsloft
hallarinnar. Þótt hann hafi
komizt til hárra metorða er
hann gestur og áhrif hans áv-
allt í réttu hlutfalli við völd
vina hans. Þannig kemst Grím
ur Thomsen aldrei „til jafn
mikilla valda í Danmörku og
sumir hafa haldið fram.“ Hann
var ávallt háður duttlungum
annarra. Diplomati kemst ekki
„til valda“. Hann er ráðgjafi. Í
því eru áhrif hans fólgin. Grím
ur var Íslendingur í Höfn,
stundum leiksoppur frekar en
stjórnandi leiksins. En einkum
og sér í lagi athugull og ráðholl
ur áhorfandi sem oftast var
leitað til en ætla mátti, svo
lágættaður Íslendingur sem
hann var í augum „hirðmanna“.
En Grímur var fastur fyrir,
stundum viðskotaillur og hefur
ekki gengið í geð allra. Í bréfi
segist hann vera „stirðlundað-
ur“. Hann var a.m.k. nógu
röggsamur til þess að finna
kulda í sinn garð í konungs-
sölum. Hlutverk íslenskra
skálda var annað í Kaup-
mannahöfn 19. aldar en þegar
Sighvatur skáld og diplomat
Þórðarson setti hvað sterkast-
an svip á hirðlíf Noregskon-
unga. Sighvatur sat ekki við
fótskór sinna konunga. Það
gerði Grímur. Samt kom hann
til álita í ráðherraembætti.

x x x

Snemma á Hafnarárum sín-
um hafði Grímur kynnt ýms-
um mönnum, sem síðar mörk-
uðu djúp spor í stjórnmalasögu
Dana um og eftir miðja síðustu
öld, og nægir þar að nefna Hall,
Krieger, Gjørdwad og Blixen-
Finecke. Sumum þessara manna
tengdist hann ævarandi vin-
áttuböndum, eins og sjá má af
bréfum í handritasafni Lands-
bókasafnsins, einkum Lbs.
1839, 4to. Með öðrum átti hann
ekki samleið nema um stundar-
sakir.

Hér verður ferill Gríms í
danskri konungspjónustu ekki
rakinn, en til þess þó að gefa
nokkra hugmynd um áhrif hans
í stjórnmalalífi Dana um mið-
bik síðustu aldar, má vitna í
nokkra kafla úr „Kriegers
Dagböger 1848—'80“ frá þeim
tíma. Þær sýna í senn áhrif
Gríms í Danmörku, þegar veg-
ur hans var mestur, og þá tog-
streitu og valdabaráttu sem
átti sér stað við hirð Friðriks
VII og Kristjáns IX. Íslenskt
ætterni Gríms stóðst ekki sam-
anburð við þann frændgarð
sem sumir keppinautar hans
áttu að bakhjalli, en menntun

Framhald á bls. 10



Grímur Thomsen

Á Glæsivöllum

Hjá Goðmundi á Glæsivöllum
gleði er í höll,
glymjá hlátra sköll,
og trúðar og leikarar leika þar um völl,
en lítt er af setningi slegið.

Afengt er mungátið,
og mjöðurinn er forn,
mögnuð drykkjarhorn,
en ómínnishegri og illra hóta norn
undir niðri í stiklunum þruma.

Á Grími' hinum góða
af gulli höfuð skín,
gamalt ber hann vín.
En horns yfir öldu eiturormur gín,
og enginn þolir drykkinn nema jötnar.

Goðmundur kóngur
er kurteis og hlýr,
yfir köldu býr.
Fránar eru sjónir, en fölur er hans hlýr,
og feiknstafir svigna í brosi.

Á Glæsivöllum aldrei
með ýtum er fátt,
allt er kátt og dátt.
En bróðernið er flátt mjög, og gamanið er grátt.
Í góðsemi vegur þar hver annan.

Horn skella' á nösum,
og hnútur fljúga um borð,
hógvær fylgja orð.
En þegar brotna hausar og blóðið litar storð,
brosir þá Goðmundur kóngur.

Náköld er Hemra,
því Niflheimi frá
nöpur sprettur á.
En kaldara und rifjum er konungsmönnum hjá.
Kalinn á hjarta þaðan slapp ég.

